



UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR
ÁRSSKÝRSLA 2019
100. Ársþing 2020



UNGMENNASAMBAND SKAGAFJARÐAR

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	3
Stjórn UMSS	4
Dagskrá 100. ársþings	4
Skýrsla stjórnar	5
Fjöldi þingfulltrúa	7
Aðildarfélög	10
Afreksmannasjóður	11
Viðurkenningar	13
Íþróttamaður ársins	14
Lið ársins	16
Þjálfari ársins	18
Hvataverðlaun	20
Frá félögum	23
Lög UMSS	41
Reikningar 2019	44

Skýrslan

Skýrsla 2019, lögð fram á 100. Ársþingi Ungmennasambands Skagafjarðar var unnin á skrifstofu UMSS af Thelmu Knútsdóttir í mars – júní 2020.

Umbrot og hönnun:

Thelma Knútsdóttir

Höfundar efnis:

Thelma Knútsdóttir

Ingibjörg Klara Helgadóttir

Gunnar Þór Gestsson

Þorvaldur Gröndal

Ljósmyndir:

Eru m.a. úr safni UMSS, UMFÍ, ÍSÍ, sérsambanda, feykir.is, mbl.is, Hjalta Árnasonar, Héraðskjalasafni Skagafjarðar og aðildarfélögum UMSS.



ULM Höfn á Hornafirði 2019



ÁVARP FORMANNS

*Ágætu þingfulltrúar, félagsmenn og aðrir gestir.
Velkomin á 100. ársþing Ungmennasambands
Skagafjarðar.*

Markmið Ungmennasambandsins er að stuðla að auknu samstarfi aðildarfélaganna, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og vera málsvári þeirra og tengiliður við UMFÍ og ÍSÍ. Sterk staða og traust til sambandsins skiptir miklu fyrir allt íþróttalífið í firðinum. Ábyrgðin er okkar allra, samvinna og góð samskipti okkar á milli hjálpar til við áframhaldandi uppbyggingu á okkar góða félagi. Um leið og ég þakka Thelmu framkvæmdastjóra UMSS störf sín á liðnu ári vil ég minna á að hægt er að leita til hennar með ýmis mál varðandi íþróttastarfið.

Starf Ungmennasambands Skagafjarðar var með hefðbundnu sniði á árinu, haldnir voru 11 stjórnarfundir auk samskipta gegnum netmiðla.

Á síðasta ársþingi veitti ÍSÍ okkur viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og var UMSS einungis annað Héraðssambandið á landinu sem hlaut þessa viðurkenningu. Viggó Jónsson sæmdur gullmerki ÍSÍ og Gunnar Þór Gestsson og Sara Gísladóttir voru sæmd starfsmerki UMFÍ.

50+ mót UMFÍ var haldið á Neskaupstað lok júní. Kepptu þar keppendur frá Skagafirði í frjálsum íþróttum og línudansi.

Unglingalandsmót UMFÍ var á Höfn í Hornafirði að þessu sinni og fóru 12 keppendur frá UMSS að þessu sinni. Á setningarathöfn mótsins var tilkynnt að UMSS í samvinnu við Sveitarfélagið Skagafjörð væru mótshaldarar Unglingalandsmóts UMFÍ verslunarmannahelgina 2021.

Hestamannafélagið Skagfirðingur átti tvo fulltrúa á HM íslenska hestsins í Berlín 2019. Ásdís Ósk Elvardsdóttir, vann silfur í tölti og brons í fjórgangi og í öðru sæti í samanlögðum fjórgangsgreinum á hryssunni Koltinnu frá Varmalæk. Eyrún Ýr Pálsdóttir vann gull í flokki 6v. hryssna í kynbótasýningu HM á hryssunni Eyrúnu Ýr frá Hásæti. Skagfirðingur átti þá einnig tvo íslandsmeistara, Ásdís Ósk í samanlögðum fimmgangsgreinum og Þórarinn Eymundsson í 150m skeiði.

Frjálsíþróttafólkið okkar náði sér í fjöldann allan af titlum á árinu. Ísak Óli Traustason; fjórir íslandsmeistara- og tveir bikarmeistaratitlar; Jóhann Björn Sigurbjörnsson einn bikarmeistaratitil. Feðgarnir Theódór Karlsson og Karl Lúðvíksson sópuðu að sér Íslandsmeistaratitlunum bæði innan- og utanhúss, en unnu þeir samtals 15 titla. Skíðakonan okkar María Finnbogadóttir varð Íslandsmeistari í svigi kvenna í apríl 2019.

Í lok árs var blásið til hátíðlegrar athafnar í Ljósheimum þar sem ungu og efnilegu íþróttafólki í Skagafirði voru veitt Hvatningarverðlaun UMSS, landsliðsfólki var veitt viðurkenning og tilkynnt var um val á Íþróttamanni ársins; Ísak Óli Traustason frjálsíþróttadeild Tindastóls, lið ársins; Meistaraflokkur kvenna knattspyrnu deild Tindastóls og þjálfara ársins; Sigurður Arnar Björnsson frjálsíþróttadeild Tindastóls. Sannkölluð uppskeruhátíð sem mér finnst frábærlega hafa tekist til með að hefja til vegs og virðingar, með örlitlu breyttu sniði sem þó tók ekki alltof langan tíma.

Með kaffiveitingum og tónlistaratriði var þetta hin notalegasta stund í lok árs. Er það von mín að hátíð sem þessari verði haldið á lofti sem endapunktur á góðu vinnuári okkar frábæra fólks. Einnig var veitt úr afreksmannasjóð UMSS á þessari hátíð og verður sá háttur vonandi hafður á, á komandi árum.

Ég vil þakka aðildarfélögum fyrir gott samstarf og góða samvinnu á árinu. Stjórnarmönnum sambandsins þakka ég gott samstarf og óska okkur öllum velfarnaðar í starfi.

Góðir gestir, hér með set ég 100. ársþing UMSS.
Ísland allt.

I. Klara Helgadóttir, formaður UMSS



Sigur í Síkinu 2019

Ungmennasamband Skagafjarðar

Stofndagur: 17. apríl 1910

Fjöldi virkra aðildarféлага árið 2019; 10

Starf UMSS felst m.a. í eftirtöldum atriðum:

- Regnhlífarsamtök fyrir aðildarfélög sín og gætir hagsmuna þeirra.
- Útdeiling á Lottótekjum sem koma inn í héraðið.
- Ákveður skiptingu á fjármunum sem sveitarfélagið leggur til aðildarféлага UMSS.
- Stendur fyrir nokkrum mótum ár hvert á héraðsvísu og ætluð aðildarfélögum.
- Stendur fyrir mótum á landsvísu s.s. meistaramótum, landsmótum og bikarkeppnum.
- Hefur umsjón með liðum sem send eru út héraði og keppa undir merkjum UMSS.
- Hefur umsjón með undirbúningi og utanumhald keppnisliðs UMSS fyrir Landsmót og Unglingalandsmót UMFÍ.
- Tengiliður við UMFÍ og ÍSÍ.

Framkvæmdastjóri:

Thelma Knútsdóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Frímann Guðbrandsson
Jóhann Sigmarsson

Afreksmannasjóður:

Ingibjörg Klara Helgadóttir
Haraldur Jóhannsson
Ómar Bragi Stefánsson

Stjórn og ráð UMSS 2019-2020

Formaður:

Ingibjörg Klara Helgadóttir
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Varaformaður:

Gunnar Þór Gestsson
Ungmennafélagið Tindastóll

Gjaldkeri:

Sigríður Fjóla Viktorsdóttir
Hestamannafélagið Skagfirðingur

Ritari:

Þorvaldur Gröndal
Golfklúbbur Sauðárkróks

Meðstjórnandi:

Sigmundur Jón Jóhannesson
Ungmennafélagið Neisti

Varastjórn:

Katharina Sommermeier
Ungmennafélagið Hjalti
Kristján Bjarni Halldórsson
Golfklúbbur Sauðárkróks
Skapti Steinbjörnsson
Hestamannafélagið Skagfirðingur

Frjálsíþróttaráð:

Kolbrún Þórðardóttir
Sigurjón Leifsson
Sigurður Arnar Björnsson
Sara Gísladóttir
Sindri Gunnarsson
Þórunn Eyjólfadóttir

Dagskrá 100. Ársþings

1. Þingið sett
2. Kosning starfsmanna þingsins
 - a. Þingforseti og varaforseti
 - b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd
 - b. Fjárhagsnefnd
 - c. Íþróttanefnd
 - d. Aðrar nefndir
12. Nefndarstörf.
13. Þingnefndir skila álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun samþykkt.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal).
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning stjórnar og varastjórnar
 - c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
 - d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni
16. Önnur mál.
17. Þingslit.



74. Íþróttaping ÍSÍ

74. Íþróttaping ÍSÍ var haldið í Gullhömrum Grafarholts í Reykjavík dagana 3. - 4. maí 2019. Íþróttaping ÍSÍ er æðsti vettvangur íslenskrar íþróttahreyfingar. Fyrir hönd UMSS mættu Gunnar Þór Gestsson og Thelma Knútsdóttir.

Þingið byrjar á ræðu forseta ÍSÍ, Lárusar Blöndals, og svo eru heiðranir. Fjórir aðilar fengu heiðursviðurkenningar fyrir frábær störf í forystu íslenskrar íþróttahreyfingar og fjórir einstaklingur voru sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ, æðstu heiðursviðurkenningu sambandsins.

Íþróttaping er haldið á tveggja ára fresti svo það liggja fyrir ársreikningar tveggja ára. Upplýsingar um samþykktir, ársskýrslu og ársreikninga er hægt að finna á heimasíðu ÍSÍ undir liðnum „[Íþróttaping ÍSÍ](#)“.

Fyrir kvöldmat á föstudegi voru 24 mál lögð fyrir þingið og þeim raðað í nefndir. ÍSÍ bauð svo í kvöldmat í Laugardalnum á skrifstofu þeirra, og eftir kvöldmatinn hófust nefndarstörf. Þar fara fulltrúar UMSS í þær nefndir sem fjalla um mál sem geta haft áhrif á rekstur UMSS. Nefndarstörfum var lokið milli kl. 22:00-24:00.

Laugardagsmorgun byrjaði svo á morgunhressingu í Gullhömrum og svo var unnið úr niðurstöðum nefndarstarfa. Hér eru yfirleitt líflegar umræður og kosið með rauðum og grænum spjöldum. Eftir umræður nefndarstarfa voru kosnir sjö meðstjórnendur til fjögurra ára.

UMSS á rétt á einum fulltrúa og einum áheyrnarfulltrúa. Þannig UMSS heldur bara á einu atkvæði. Á bak við tjöldin tala fulltrúar íþróttahéraða saman, og þá sérstaklega þessir sem koma frá smærri héruðum. Saman verðum við að gæta þess að okkar hagsmunir gleymist ekki í vinnu þingsins.

Helst ber að nefna að íþróttapingið samþykkti vinnu við að skoða Felix kerfið. Þessari vinnu lauk síðasta haust og var kynnt fyrir aðilum ÍSÍ á formannafundi. Niðurstaðan var að hætta allri þróun á Felix og færa vinnuna í að finna einhverja leið til að hætta rekstri Felix. Sú niðurstaða er ekki komin og Felix er ennþá kerfið sem UMSS og okkar aðilarfélög skila starfsskýrslum og iðkendaupplýsingum í.

Sérsambönd ásamt íþróttahéruðum eru aðilar að ÍSÍ. Eingöngu íþróttahéruð eru aðilar að UMFÍ. Áherslur innan ÍSÍ eru því ekki alltaf í samræmi við þær línur sem UMFÍ leggur. Það er því mikilvægt að UMSS haldi áfram að vera virkur aðili bæði hjá ÍSÍ og UMSS og okkar rödd heyrist þar reglulega.

Gunnar Þór Gestsson, varaformaður UMSS





TRUST THE PROCESS
AND YOU WILL BE ABLE TO OWN THE PROCESS

SLEEP	EAT	MOVE	MINDSET
7-9 hours	Healthy diet	Regular exercise	Positive mindset
Consistency	Consistency	Consistency	Consistency

CONSISTENCY IS KEY

CHAMPIONSHIP CULTURE

TINDASTÖLL MVP PROCESS

MISSION
Hold myself and others accountable to championship behavior
How you do anything is how you do everything

VALUES
Belief - Confidence in yourself, teammates & coaches
Experience - Stay forward into growth
Aggressive - Attack the moment
Selfless - Call others up to growth
Toughness - Overcome adversity

VISION
3 EAST Life
Win the National Championship
Win the Second Round - Win the
Win 1st - Games
OWN THE PROCESS!
Eat, Move, Meditate, Mindset



SKÝRSLA STJÓRNAR

99. ársþing UMSS var haldið í Húsi frítímans þann 19. mars 2019. I. Klara Helgadóttir var endurkjörin sem formaður. Í stjórn voru að auki kosnir Gunnar Þór Gestsson (varaformaður) og Þorvaldur Gröndal (ritari), áfram sátu Sigríður Fjöla Víktorsdóttir gjaldkeri, og Sigmundur Jóhannesson meðstjórnandi. Engin gekk úr stjórn. Í varastjórn voru kosnir Katharina Sommermeier frá Ungmennafélagið Hjalti, Kristján Bjarni Halldórsson frá Golfklúbb Sauðárkróks og Skapti Steinbjörnsson frá Hestamannafélaginu Skagfirðing. Úr varastjórn gengu Arnrún Halla Arnórsdóttir, Jón Daníel Jónsson og Þórunn Eyjólfssdóttir.

Á ársþingið voru 51 þingfulltrúar boðaðir og 10 formenn, en 34 þingfulltrúar og 9 formenn mættu eða um 70%.

Á síðastliðnu þingi voru þrettán þingtillögur lagðar fyrir þingið og skipað var í þrjár nefndir, allsherjar, fjárhags- og íþróttanefnd.

Nokkrar af þeim þingtillögum sem lágu fyrir þinginu voru nýjar vinnureglur um úthlutun úr afreksmannasjóði. Allar þingtillögur voru samþykktar með áorðnum breytingum.



Ingí Þór Ágústsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri veittu UMSS viðurkenninguna Fyrirmyndarhérað ÍSÍ, en UMSS er annað héraðssambandið á landsvísi sem hlýtur þessa viðurkenningu á landinu.



Ingí Þór sæmði einnig Viggó Jónssyni Gullmerki ÍSÍ, en Viggó hefur unnið afar mikið og fórnfúst starf í tengslum við íþróttir í héraði til fjölda ára.



Gunnar Þór Gestsson og Sara Gísladóttir voru einnig sæmd starfsmerki UMFÍ á þinginu. Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, afhenti starfsmerkin.



11. apríl var fræðslufundur á vegum ÍSÍ og Advania Advice haldin á Blönduósi varðandi innleiðingu nýju persónuverndarlaganna (GDPR) auk UMSS mættu fulltrúar frá USAH og USVH.

3.- 4. maí var 74. Íþróttabing ÍSÍ haldið í Reykjavík, á þingið fóru fyrir hönd UMSS Gunnar Þór Gestsson og Thelma Knútsdóttir.



23.-27. maí fór hópur frá UMSS til Kaupmannahafnar með félögum frá öðrum héraðssamböndum og starfsmönnum UMFÍ.



Þar hittum við forsvarsmenn DGI – Danmarks Gymnastik – og Idrætsforeninger – sem eru systursamtök UMFÍ Danmörku. Hópurinn sat fyrirlestur um nýbreytni í gerð íþróttamannvirkja, kynningu á starfi DGI, innleiðingu rafíþróttar í íþróttafélög, ýmis verkefni með ungu fólki sem miða að því að ná til þeirra sem standa utan skipulags íþróttar- og æskulýðsstarfs og ýmislegt fleira.



SKÝRSLA STJÓRNAR. frh.

Landsmót 50+ var haldið á Neskaupstað í lok júní. Kepptu m.a. keppendur frá Skagafirði í frjálsum íþróttum og línudansi.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið um verslunarmannahelgina 2.-4. ágúst. Um langa leið var að fara í ár og sýndi það sig á skráningum á mótið, en einungis tólf keppendur tóku þátt fyrir hönd Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) þetta árið.



Þar sem keppendur voru fáir, þá gengu systkini og foreldrar hópsins öll saman inn á völlinn þegar skrúðganga sambandanna var á setningarathöfn mótsins.

Á setningarathöfn mótsins var einnig tilkynnt að UMSS hafi verið úthlutað ULM árið 2021. Þannig nú er bara að spýta í lófanna og fara að huga að undirbúningi, en aðeins eitt ár er til stefnu. Þótt að keppendur UMSS hafi verið fáir í ár, þá unnust fjórir Unglingalandsmóts titlar, í fimm skipti lentu þau í 2. sæti, fimm sinnum í 3. sæti og þrisvar voru þau í fjórða sæti.

Sambandsþing UMFÍ var haldið á Laugarbakka í Miðfirði í október 2019 og mætti UMSS á þingið með 3 fulltrúa af 5 mögulegum. Stærsta mál þingsins var samþykkt umsókn þriggja íþróttabandalaga um aðild að UMFÍ. Á þinginu var Gunnar Þór Gestsson varaformaður UMSS kosinn í stjórn UMFÍ, en hann hefur setið í varastjórn UMFÍ síðan haustið 2017.

Fræðslufundur UMSS sem haldin var í Miðgarði, Varmahlíð þann 30. okt. sl. tókst einstaklega vel. Mætu fjölmargir stjórnarmenn og þjálfarar aðildarféлага UMSS. Sölvi Tryggvason hélt fyrirlesturinn „Sigrum streituna“, Baldur Þór Ragnarsson hélt fyrirlestur um liðsmenningu mfl. kk. í Tindastól í körfuknattleik og Viðar Sigurjónsson ÍSí kynnti stjórnendanámskeið ÍSí. Fræðslufundurinn endaði á málþingi þar sem fundargestir fengu 3. spurningar til að ræða um og skrifa niður hvað þeim fannst. Fundarstjóri var Ingi Þór Ágústsson sem situr í framkvæmdastjórn ÍSí.

Framkvæmdastjóri og varaformaður UMSS fóru á formannafund ÍSí þann 29. nóvember. Á fundinum gefur ÍSí skýrslu um helstu bætti



í starfsemi ÍSí og verkefni á milli þinga. Lárus L. Blöndal forseti ÍSí ræddi ýmsar áskoranir í starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar, svo sem styrkjaumhverfi og markaðsstarf, brottfall, þjóðarleikvanga, #églika málefni, Íþróttalög, lottóskiptingu og framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

Framkvæmdastjórn ÍSí lagði þrjú mál fyrir Formannafund til kynningar og umræðu. Margrét Lilja Guðmundsdóttir, frá Rannsóknunum og greiningu, hélt erindi um íslenska módelið og íþróttir. Elías Atlason, verkefnastjóri ÍSí, kynnti tölfræðiupplýsingar úr starfsskýrslum ÍSí og nýja framsetningu á tölfræði íþróttahreyfingarinnar á vefsíðu ÍSí.



Stjórn Afreksmannasjóðs UMSS hittust þann 9. desember og fóru yfir umsóknir sem bárust fyrir lok umsóknartímans sem auglýstur var í janúar. Fimm aðilar fengu styrk fyrir íþróttarárið 2019.



Aðildarfélög UMSS tilnefndu sex aðila til Íþróttamanns Skagafjarðar 2019 og þann 27. desember við hátíðlega athöfn var svo Ísak Óli Traustason krýndur Íþróttamaður Skagafjarðar 2019, Meistarafll. kvenna í fótbolta lið ársins og Sigurður Arnar Björnsson frjálsíþróttþjálfari þjálfari ársins. Landsliðsfólk UMSS og ungt og efnilegt íþróttafólk Skagafjarðar var síðan heiðrað

Haldnir voru ellefu stjórnarfundir á starfsárinu auk fjarfunda, einn formannafundur og einn fræðslufundur.

Pangað til næst.


Áfram UMSS!!!

Stjórn UMSS.

Fjöldi boðaða þingfulltrúa á 99. Ársþingi UMSS 2019

Félag	Þingfulltrúar	Mættir	%
Bílaflúbbur Skagafjarðar	3	2	66%
Golfklúbbur Sauðárkróks	4	3	75%
Hestamannafélagið Skagfirðingur	9	6	67%
Íþróttafélagið Gróska	3	0	0%
Siglingarklúbburinn Drangey	3	3	100%
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	8	6	75%
Ungmennafélagið Hjalti	5	1	17%
Ungmennafélagið Neisti	6	5	83%
Ungmennafélagið Tindastóll	16	16	100%
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	3	1	33%
Samtals	60	43	= 71,7% mæting


Iðkendur pr. Íþróttagrein 2019




Fjöldi þingfulltrúa BOÐAÐIR á 100. Ársþingi UMSS 2020

Félag	Félagar 18+	Þingfulltrúar
Bílaflúbbur Skagafjarðar	94	3
Golfklúbbur Sauðárkróks	126	4
Hestamannafélagið Skagfirðingur	518	9
Íþróttafélagið Gróska	46	3
Siglingarklúbburinn Drangey	116	4
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	435	8
Ungmennafélagið Hjalti	197	5
Ungmennafélagið Neisti	294	6
Ungmennafélagið Tindastóll	1745	16
Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	66	3
Samtals	3466	61


17 ára og yngri iðkendur eftir íþróttagrein og kyni (FELIX)



1039 iðkendur á aldrinum 0-15 ára hjá aðildarfélögum UMSS árið 2018




994 iðkendur á aldrinum 0-15 ára hjá aðildarfélögum UMSS árið 2017



Tölfræði - ÍSÍ

1222 iðkendur á aldrinum 0-17 ára hjá aðildarfélögum UMSS árið 2019





Sauðárkróksvöllur - myndasafn Guðjóns Ingimundarsonar



TINDASTÓLL



HJALTI



GOLFKLÚBBUR SKR.



SMÁRI



NEISTI



Getraunir


Skemmtilegur leikur fyrirhafnarlítil fjáröflun

Íslenskar getraunir eru í eigu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og rennur allur hagnaður af rekstri frá fyrirtækinu til félaga innan hennar. Alls skilar fyrirtækið rúmum 100 milljónum á ári til ÍSí, UMFÍ, héraðssambanda og einstakra félaga innan íþróttahreyfingarinnar. Tekjur sem renna til héraðssambanda og íþróttafélaga er skipt eftir ákveðnum reglum og gilda þar sömu reglur og hjá Litlu gulu hænunni. Þeir sem taka þátt í að baka brauðið njóta þess, hinir fá ekkert. Þau félög sem eru dugleg við að kynna sitt getraunanúmer og sinna getraunastarfinu með sölu á getraunaseðlum, afla sjálfum sér og sínu héraðssambandi tekna.

Styður þú þitt félag!

26% af upphæðinni sem þú spilar, rennur til þeirra.

- 550 Ungmennafélagið Tindastóll
- 551 Ungmennafélagið Hjalti
- 554 Golfklúbbur Sauðárkróks
- 560 Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári
- 566 Ungmennafélagið Neisti



LOTTÓREGLUGERÐ - ÚTHLUTUN

I. Skipting lottótekna UMSS:

1. 70% til sambandsaðila.
2. 25% til UMSS.
3. 5% til Afreksmannasjóðs UMSS, úthlutun samkvæmt reglugerð sjóðsins.

II. Skipting lottótekna sambandsaðila UMSS:

1. 20% er skipt jafnt samkvæmt sérstakri reglu.
2. 40% er skipt eftir iðkenda fjölda samkvæmt sérstakri reglu.
3. 40% er skipt eftir félagsmannafjölda samkvæmt sérstakri reglu.

III. Regla vegna jafnrar skiptingar milli sambandsaðila:

Skilyrði fyrir úthlutun hvers ár úr jafna hlutanum er að fulltrúi aðildarfélags hafi mætt á síðastliðið sambandsþing. Hlutur þeirra sem mæta ekki deilist á þau aðildarfélög sem mættu á síðastliðið sambandsþing. Að þeim skilyrðum uppfylltum er skipting úthlutunar miðuð við íþróttastarfssemi þar sem hver deild í aðildarfélagi telur eins og eitt aðildarfélag án deildarskiptingar. Listi yfir þær deildir/aðildarfélög sem falla undir þennan lið skal samþykkja á hverju sambandsþingi.

IV. Regla vegna iðkendafjölda:

Félög og deildir skulu skrá iðkendur rafrænt í umsjónarkerfið Nóra. Iðkendatölur úr Nóra skulu notaðar til að ákvarða skiptingu samkvæmt iðkendafjölda.

V. Regla vegna félagsmannafjölda:

Félagsmannafjöldi til grundvallar lottóúthlutun er reiknaður út einu sinni á ári og skal miðast við félagskrá sambandsaðila 31. desember ár hvert eins og fram kemur í Felix, skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ.

VI. Aðrar forsendur fyrir úthlutun sambandsaðila:

Starfi sambandsaðila ekki samkvæmt lögum UMSS kemur hann ekki til greina við úthlutun. Stjórn UMSS skal taka tillit til hvort

haldinn hafi verið aðalfundur og hvort starfsskýrslu og ársskýrslu hafi verið skilað til UMSS. Starfsskýrslu og ársskýrslu skal skilað eigi síðar en í lok febrúar ár hvert. Uppfylli sambandsaðili ekki þessi skilyrði skal UMSS frysta greiðslur til viðkomandi. Greiðsla sem hefur verið fryst í tvö ár rennur í rekstrarsjóð UMSS og er óafturkræf. Forsendur í lottóúthlutun skal miða við 31. desember ár hvert, þ.e. iðkendatölu eins og hún er skráð fyrir undangengið ár í Nóra og félagatal eins og það liggur fyrir á sama tíma.

VII. Nýir sambandsaðilar.

Ný aðildarfélög UMSS fá fyrst úthlutað lottófé skv. reglugerð þessari eftir að öllum ofangreindum skilyrðum hefur verið fullnægt og eftir samþykki á næsta sambandsþingi eftir inngöngu.

VIII. Um úthlutun.

Úthluta skal öllum lottótekjum sem berast UMSS ársfjórðungslega. Greiðsla skal berast aðildarfélögum og deildum fyrir lok apríl, júlí, október og janúar fyrir næsta ársfjórðung á undan. Með hverri greiðslu skal fylgja skilgrein sem sýni forsendur fyrir úthlutun.

Bráðabirgðaákvæði UMSS skal hafa árs aðlögunartíma til að breyta greiðslutíma sem ákveðinn er í VIII. lið reglugerðarinnar.

Samþykkt á 98. Ársþingi UMSS 10. mars 2018

Lottógreiðslur og félagsgjöld 2019

Félag	Lottó greiðslur 2019	Félagsgjöld 2019	Samtals
<i>Bílaklúbbur Skagafjarðar</i>	10.425	46.500	56.925 kr.
<i>Golfklúbbur Sauðárkróks</i>	321.748	68.000	389.748 kr.
<i>Hestafélagið Skagfirðingur</i>	998.000	261.000	1.259.000 kr.
<i>Íþróttafélagið Gróska</i>	6.049	23.000	29.049 kr.
<i>Siglingarklúbburinn Drangey</i>	212.450	46.000	258.450 kr.
<i>Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári</i>	551.111	217.500	768.611 kr.
<i>Ungmennafélagið Hjalti</i>	320.650	95.500	416.150 kr.
<i>Ungmennafélagið Neisti</i>	310.577	144.000	454.577 kr.
<i>Ungmennafélagið Tindastóll</i>	1.738.536	799.500	2.538.036 kr.
<i>Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar</i>	178.784	32.000	210.784 kr.
<i>Ungmennasamband Skagafjarðar</i>	2.279.079	-	2.279.076 kr.
<i>Afreksmannasjóður UMSS</i>	455.809	-	455.809 kr.
	7.383.212	1.733.000	9.116.212 kr.





Bílaflúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/bilaklubburskagafjardar/>

Félagið stofnað 1989
Formaður: Baldur Haraldsson
Fjöldi félagsmanna: 94
Fjöldi iðkenda: 18



Golfklúbbur Skagafjarðar

www.gss.is

Félagið stofnað 1970
Formaður: Kristján Bjarni Halldórsson
Fjöldi félagsmanna: 166
Fjöldi iðkenda: 160



Hestamannafélagið Skagfirðingur

<https://skagfirdingur.is/>

Félagið stofnað 2016
Formaður: Elvar Einarsson
Fjöldi félagsmanna: 701
Fjöldi iðkenda: 700



Íþróttafélagið Gróska

Félagið stofnað 1992
Formaður: Salmína Sofía Tavsén
Fjöldi félagsmanna: 46
Fjöldi iðkenda: 10



Siglingaklúbburinn Drangey

<https://www.facebook.com/siglingaklubbunndrangey/>

Félagið stofnað 2009
Formaður: Kári Heiðar Árnason
Fjöldi félagsmanna: 175
Fjöldi iðkenda: 125



Ungmennafélagið Smári

<https://www.facebook.com/ithrottir>

Félagið stofnað 1995
Formaður: Sara Gísladóttir
Fjöldi félagsmanna: 544
Fjöldi iðkenda: 100



Ungmennafélagið Hjalti

<https://www.facebook.com/umfhjalti>

Félagið stofnað 1927
Formaður: Katharina Sommermeier
Fjöldi félagsmanna: 224
Fjöldi iðkenda: 149



Ungmennafélagið Neisti

<https://www.facebook.com/groups/101411456574104/>

Félagið stofnað 1898
Formaður: Eiríkur Arnarson
Fjöldi félagsmanna: 359
Fjöldi iðkenda: 78



Ungmennafélagið Tindastóll

www.tindastoll.is

Félagið stofnað 1907
Formaður: Jón Kolbeinn Jónsson
Fjöldi félagsmanna: 2056
Fjöldi iðkenda: 1163



Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar

<https://www.facebook.com/groups/79689055901/>

Félagið stofnað 2005
Formaður: Guðmundur Rúnar Guðmundsson
Fjöldi félagsmanna: 76
Fjöldi iðkenda: 72

AFREKSMANNASJÓÐUR UMSS



Úthlutanir fyrir afreksárið 2019

Sex umsóknir bárust og hlutu fimm aðilar styrk úr sjóðnum.

Andrea Maya Chirikadzi – Frjálsar íþróttir (Úrvalshópur FRÍ)

Ásdís Ósk Elvarsdóttir – Hestaíþróttir (Landslið)

Ísak Óli Traustason – Frjálsar íþróttir (landslið)

Jóhann Björn Sigurbjörnsson – Frjálsar íþróttir (Íslandsmeistari og landslið)

Marín Lind Ágústsdóttir – Körfuknattleikur (Landslið)

Einni umsókn var hafnað vegna þess hún barst eftir auglýstan umsóknartíma.



Reglugerð um Afreksmannasjóð

- 1. grein.** Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður UMSS.
- 2. grein.** Tilgangur sjóðsins er sá að styrkja Skagfirska afreksmenn til æfinga og keppni.
- 3. grein.** Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum og 1 til vara. Ársþing UMSS kys 2 menn í stjórnina og 1 til vara, sem ekki eru í aðalstjórn UMSS. Stjórn UMSS tilnefni síðan 1 úr aðalstjórn, sem formann sjóðsstjórnar. Stjórn sjóðsins skal skipuð til eins árs í senn.
- 4. grein.** Tekjur sjóðsins verði ákveðið hlutfall tekna UMSS af íslenskrí Getspá, skv. reglugerð hverju sinni. Auk þess frjálts framlög einstaklinga, stofnana og fyrirtækja.
- 5. grein.** Heimilt er að veita úr sjóðnum, á hverjum tíma, öllu því fé sem í honum er. Sjóðsstjórn ákveður styrktar upphæð hverju sinni.
- 6. grein.** Rétt til styrkveitinga eiga þeir, sem skara fram úr í íþróttgrein sinni, t.d. eru í landsliði, sigra á Íslandsmeistaramóti, setja Íslandsmet, eða á annan hátt sína að þeir eru afreksmenn í íþróttum.
- 7. grein.** Til að hljóta styrk, þurfa viðkomandi íþróttamenn eða félög þeirra, að sækja skriflega um til sjóðsstjórnar og jafnframt að gera grein fyrir ástæðum umsóknarinnar.
- 8. grein.** Sjóðsstjórn skal á hverju ársþingi UMSS gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.
- 9. grein.** Endurskoðendur UMSS eru jafnframt endurskoðendur reikninga sjóðsins.
- 10. grein.** Fundir skulu haldnir a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður boði til þeirra.



Fréttapunktur ÍSÍ 2019

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ; fór fram í þrítugasta sinn þann 15. júní 2019. Frábær þátttaka var í hlaupinu en gera má ráð fyrir að um 10.000 konur hafi tekið þátt á yfir 80 stöðum um allt land og víða erlendis.

Ólympíuhlaup ÍSÍ; með Ólympíuhlaupi ÍSÍ er leitast við að hvetja grunnskólanemendur til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Þátttaka íslenskra grunnskólanemenda hefur verið mjög góð og almenn í gegnum árin en hefur náð nýjum hæðum á undanförunum árum.

Ólympíudagurinn; er haldin 23. júní ár hvert og er að því tilefni haldinn hátíðlegur um allan heim í tilefni af stofnun Alþjóðáólympíunefndarinnar 23. júní árið 1894. Markmiðið með deginum er að hvetja fólk til að koma saman, hreyfa sig og hafa gaman, en dagurinn er í raun ætlaður öllum óháð íþróttalegri getu.

Forvarnardagurinn forseta Íslands haldinn í flestum grunn- og framhaldsskólum landsins þann 2. október. Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og þá er sjónum sérstaklega beint að unglingum í 9. bekk og á fyrsta ári í framhaldsskóla.



Persónuvernd; með tilkomu nýrra laga um persónuvernd voru lagðar nýjar skyldur og kröfur á félagasamtök og fyrirtæki. Gerð er krafa um að öll sérsambönd, íþróttahéruð og aðildarfélög haldi skrá (vinnsluskrá) um alla vinnslu persónuupplýsinga innan viðkomandi einingar og einnig þarf að vinna áhættumat og úrbótaáætlun, ef nauðsyn er talin. ÍSÍ hefur, í samstarfi við Advice/Advania, unnið leiðbeiningarþakka fyrir íþróttahreyfinguna þar sem tekið er á flestum þeim hlutum sem sérsambönd ÍSÍ, íþróttahéruð og íþrótt- og ungmennafélög þurfa að huga að í kjölfar breytinga á persónuverndarlöggjöfni.

Sýnum karakter; er samstarfsverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ). Vefsíða verkefnisins (www.synumkarakter.is) er ætluð þjálfurum og íþróttafélögum.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Fyrirmyndarhérað ÍSÍ; eru gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snúa að íþróttastarfi. Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta íþróttafélög, -deildir eða -héruð sótt um viðurkenningu til ÍSÍ miðað við þær gæðakröfur sem ÍSÍ gerir.

Þjálfaramenntun ÍSÍ; er áfangaskipt fræðslukerfi í fimm þrepum þar sem skilgreindar eru kröfur um menntun fyrir ákveðna markhópa. Þetta kerfi er samræmt fyrir allar íþróttagreinar. Menntun á fyrstu þremur þrepunum er innan íþróttahreyfingarinnar.

Metoo fræðsluefni; ÍSÍ bendir félögum og öðrum sambandsaðilum á það fræðsluefni sem til er og má finna á vefsíðu ÍSÍ. Íþróttafélög geta haft samband við ÍSÍ ef þau vilja fá nánari fræðslu um þetta málefni.

Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs; lög um samskiptaráðgjafa í íþrótt- og æskulýðsstarfi tóku gildi 1. apríl 2019. Við gildistöku laganna varð breyting á íþróttalögum nr. 64/1998. Á eftir 15. grein laganna kemur ný grein, svohljóðandi: Óheimilt er að ráða til starfa hjá aðilum sem falla undir lög þessi og sinna íþróttastarfi einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn ákvæðum laga um ávanaog fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Þetta nær einnig til þeirra sem eru sjálfboðaliðar í íþróttastarfi. Við ráðningu til starfa hjá þeim aðilum sem falla undir lög þessi skal ávallt liggja fyrir sakavottorð og upplýsingar úr sakaskrá um það hvort umsækjandi hafi hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Á þetta við hvort sem einstaklingur hyggst taka að sér launað starf eða sjálfboðaliðastarf.

Vertu með! ÍSÍ og UMFÍ standa sameiginlega að útgáfu bæklingisins Vertu með! á sex tungumálum. Bæklingurinn hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi.



Íþróttabing ÍSÍ; 74. Íþróttabing ÍSÍ fór fram dagana 3.-4. maí 2019. Kosið var um helming stjórnar eða samtals sjö stjórnarmenn til fjögurra ára en 10 einstaklingar buðu sig fram í þessi sjö sæti. Kosið verður næst um forseta ÍSÍ árið 2021. Íþróttamannanefnd ÍSÍ á nú í fyrsta sinn fulltrúa í stjórn ÍSÍ.

Formannafundur ÍSÍ; árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn 29. nóvember í Laugardalshöllinni. Ríflega 70 manns sóttu fundinn. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ setti fundinn og ávarpaði fundargesti. Hann ræddi ýmsar áskoranir í starfsumhverfi íþróttahreyfingarinnar, svo sem styrkjaumhverfi og markaðsstarf, brottfall, þjóðarleikvanga, #églíka málefni, Íþróttalög, lottóskiptingu og framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar.

Jafnréttisáætlanir; innan íþróttahreyfingarinnar er mikilvægt að jafnréttis í sem víðustum skilningi sé gætt. ÍSÍ hefur nú í samstarfi við Jafnréttisstofu útbúið annars vegar „Leiðbeiningar um gerð jafnréttisáætlana“ og hins vegar „Jafnréttisáætlun fyrir Íþróttafélög“. Jafnréttisáætlunina er öllum sambandsaðilum og Íþróttafélögum innan ÍSÍ heimilt að nota, Íþróttastarfinu til heilla og framfara.

Betra félag; á vefsíðu ÍSÍ má finna ýmsar upplýsingar er varða skipulagslega þætti íþróttafélags, sérsambands og íþróttahéraðs. Á Vimeo-síðu ÍSÍ má sjá fjögur myndbönd sem gerð voru í tengslum við verkefnið Betra félag, sem er samstarfsverkefni ÍSÍ og UMFÍ.

Hagræðing úrslita í íþróttum; merkir fyrirkomulag, gjörning eða aðgerðaleysi sem er af ásetningi og miðar að því að breyta úrslitum eða gangi íþróttakeppni með óviðeigandi hætti í því skyni að víkja alfarið eða að hluta til frá hinu ófyrirsjáanlega eðli fyrrnefndrar íþróttakeppni til þess aftur að ná fram óréttmætum ávinningi fyrir sjálfan sig eða aðra.

Samningur ÍSÍ og Air Iceland Connect; Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Air Iceland Connect (AIC) eru með samning um afsláttarkjör á innanlandsflugi fyrir íþróttahreyfinguna. Samstarf ÍSÍ og AIC hefur verið langt og farsælt. Sambandsaðilar eru hvattir til að kynna sér samninginn vel og hafa tímann fyrir sér við bókanir, ef mögulegt er. Það eykur líkurnar á því að ná að bóka ferðirnar á hagstæðum kjörum.

Höfuðhögg og heilahristingur; höfuðhögg getur haft alvarlegar afleiðingar. Um það eru mörg dæmi í knattspyrnu og fleiri íþróttum. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Knattspyrnusamband Íslands hafa í samstarfi unnið fræðslumyndbönd tengd þessu mikilvæga viðfangsefni. Annars vegar er um að ræða grafísk myndbönd með mikilvægum upplýsingum, m.a. um fyrstu viðbrögð, og hins vegar viðtalsmyndbönd með reynslusögum (Viðtalsmyndböndin má sjá á samfélagsmiðlum KSÍ, t.d. [hér](#)). Myndböndin hafa verið birt á samfélagsmiðlum ÍSÍ og KSÍ undanfarið ár, en hér á Vimeo síðu ÍSÍ má sjá myndböndin.

Íþróttafólk sérsambanda ÍSÍ 2019; þann 28. desember fór fram afhending viðurkenninga til íþróttafólks sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ 2019 í Silfurbergi í Hörpu. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands veitir viðurkenningar til íþróttamanna og íþróttakvenna sérsambanda ár hvert á sameiginlegu hófi ÍSÍ og Samtaka íþrótafréttamanna í tengslum við kjör á Íþróttamanni ársins. Íþróttafólkið fékk afhenta veglega verðlaunagripni sem Ólympíufjölskylda ÍSÍ gefur, en það eru fyrirtækin Arion banki, Icelandair, Sjóva, Toyota og Valitor sem mynda Ólympíufjölskyldu ÍSÍ.

Smáþjóðaleikar; 184 manna hópur fór á Smáþjóðaleikana 2019 sem fóru fram í Svartfjallalandi. Ísland hafnaði í 3. sæti á Smáþjóðaleikana 2019 með 54 verðlaun, þar af 19 gullverðlaun.



Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) í Bakú; Þann 21. júlí hófst Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Bakú í Azerbaijan. Hátíðin er ætluð þátttakendum á aldrinum 14-18 ára. Keppnisgreinar á hátíðinni voru frjálsíþróttir, körfuknattleikur, hjólríðar, fimleikar, handknattleikur, júdó, sund, tennis, blak og glímu. Keppendur komu frá 50 Evrópuþjóðum og voru þátttakendur um 3.600 talsins. Ísland sendi keppendur í frjálsíþróttum, sundi, fimleikum, handknattleik og hjólríðum.

Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOWF); var haldin í fjórtánda sinn, að þessu sinni í Sarajevó og Austur-Sarajevó í Bosníu-Hersegóvínu frá 9.-16. febrúar 2019. Keppnisgreinar á leikunum voru alpagreinar, skíðaskotfimi, skíðaganga, íshokki, skautahlaup, listskautar, krulla og snjóbrettagreinar. Keppendur hátíðarinnar komu frá 46 Evrópuþjóðum og voru yfir eitt þúsund talsins. ÍSÍ sendi 13 keppendur til hátíðarinnar, í alpagreinum, skíðagöngu og snjóbrettum.

Evrópuleikarnir; fóru fram í borginni Minsk í Hvíta-Rússlandi þann 21.-30. júní. Leikarnir eru haldnir á vegum Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC). Ísland sendi sjö keppendur til leiks í fimm íþróttagreinum. Keppt var í 15 íþróttagreinum, m.a. í bogfimi, frjálsíþróttum, badminton, 3x3 körfubolta, hjólríðum, fimleikum, júdó, karate, borðtennis og glímu. Um 4000 keppendur frá 50 löndum tóku þátt í Evrópuleikunum.





Ungmennaráð og ungmennaráðstefna UMFÍ, *Ungt fólk og lýðræði*, var haldin í Borgarnesi dagana 10. - 12. apríl. Yfirskrift ráðstefnunnar var Betri ég - Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér? Þátttakendur voru ungmenni á aldrinum 16 - 25 ára og komu þau víðs vegar af landinu.

Hreyfivika UMFÍ fór fram dagana 28. maí – 4. júní. Hreyfivika UMFÍ hefur fest sig víða í sessi og fjölmargir boðberar hreyfingar um allt land hafa unnið ótulllega að því að kynna kosti þess fyrir landsmönnum að hreyfa sig reglulega. Markmið verkefnisins er að fjölga þeim sem stunda reglulega hreyfingu í Evrópu.

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Neskaupstað dagana 28. - 30. júní. Landsmót UMFÍ 50+, þetta níunda mót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri. Mótshaldarar voru Ungmennna- og Íþróttasambands Austurlands (UÍA) ásamt sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Höfn í Hornafirði Verslunarmannahelgina 1. - 4. ágúst. Þetta var 22. Unglingalandsmót UMFÍ og í þriðja sinn sem mótið var haldið á Höfn. Mótshaldarar voru Ungmennasambandið Úlfjótur og Sveitarfélagið Hornafjörður.

Forvarnardagurinn var sem fyrr haldinn 2. október. Að deginum standa Reykjavíkurborg, Samband íslenskra sveitarfélaga, UMFÍ, ÍSÍ, Bandalag íslenskra skáta, Embætti forseta Íslands, Samstarfsráð félagasamtaka í forvörnum og Embætti landlæknis sem jafnframt sér um alla verkefnastjórn fyrir verkefnið. Áhersla forvarnadsins var aukin notkun rafretta, svefn og orkudrykkir.

Sambandsþing UMFÍ 2019 fór fram að Laugarbakka í Miðfirði dagana 11. – 13. október. Á þinginu samþykktu fulltrúar sambandsaðila UMFÍ með nærri öllum atkvæðum umsókn þriggja íþróttabandalaga að UMFÍ. Þetta eru Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) og Íþróttabandalag Akraness (ÍA). Við inngönguna fengu bandalögin stöðu sambandsaðila innan UMFÍ.

Ungmennna- og tómstundabúðir UMFÍ hafa verið starfræktar að Laugum í Sælingsdal í Dalabyggð frá því í janúar árið 2005. Þangað hafa um 2.000 nemendur í níunda bekk grunnskóla landsins komið viku í senn á hverju skólaári. Haustið 2019 var síðasti veturinn á Laugum og flutti starfsemin í íþróttamiðstöðina á Laugarvatni. Orðspor Ungmennabúða UMFÍ hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin og eru skólahópar víða að frá landinu þéttbókaðir alla virka daga í ungmennabúðunum út skólaárið.

Sýnum karekter og Vertu með, UMFÍ og ÍSÍ standa saman að að þessum verkefnum. Vertu með hefur það að markmiði að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. UMFÍ og ÍSÍ halda reglulega ráðstefnur í nafni Sýnum karekter. Árið 2019 voru haldnar nokkrir slíkir viðburðir, svo sem um breytt mótafyrirkomulag og hvernig ná má til barna og foreldra þeirra af erlendum uppruna. ÍSÍ og UMFÍ halda úti vefsíðu verkefnisins. Þar er hægt a nálgast ýmsan fróðleik til að styðja betur við líkamlega og andlega þjálfun íþróttafólks, hlusta á hlaðvarp og margt fleira. www.synumkarakter.is



Skinfaxi og útgáfumál UMFÍ. Á árinu 2019 komu út þrjú tölublöð af Skinfaxa, tímariti UMFÍ. Blöðin fjalla í meiri mæli en áður um ráð til stjórnenda í hreyfingunni og fréttir af góðum verkum hjá einstökum félögum. Aðdraganda stórra viðburða fá þeir sérstaklega mikið rými. Leitast hefur verið við að hafa þemu í blöðunum, s.s. um transfólk og íþróttir, fatlaða og ýmsar hindranir sem iðkendur geta mögulega staðið frammi fyrir, áskoranir félaganna og leiðir til lausna.

Göngubók UMFÍ árið 2019 var unnin í samvinnu við göngugarpinn Einar Skúlason, stofnanda fyrirtækisins Wappið sem á og starfrækir samnefnt smáforrit.

Þjónustumiðstöð UMFÍ er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri UMFÍ er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalda sem ýmsar nefndir nýta sér.

Sakavottorð, sambandsaðilar og aðildarfélög þeirra geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og leitað eftir aðgangi að sakavottorðum þeirra sem sækja um störf hjá viðkomandi félagi.

STYRKIR OG SJÓÐIR

2019

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2019 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert.

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 192 verkefni árið 2019, samtals að upphæð 16.832.000 kr. Af því fengu 13 verkefni á sambandssvæði UMSS styrk samtals að upphæð 1.150.000 kr.

Umhverfissjóður UMFÍ

Hefur þann tilgang að styrkja umhverfisverkefni félaga eða einstaklinga innan ungmennafélagshreyfingarinnar. Umsóknarfrestur er 15. apríl ár hvert. Tilkynnt er um styrkveitingar fyrir 15. maí sama ár. Skilyrði fyrir styrkjum er að styrkþegi sé félagi/félag í UMFÍ og verkefnið sé umhverfisverkefni.

Árið 2019 hlutu 8 verkefni styrk samtals að upphæð 1.050.000 kr. af því fékk eitt verkefni á sambandssvæði UMSS styrk að upphæð 75.000 kr.



Íþróttasjóður

Íþróttanefnd bærust alls 109 umsóknir að upphæð rúmlega 93,4 m. kr. um styrki úr Íþróttasjóði vegna ársins 2019.

Styrkirnir eru ætlaðir íþrótt- og ungmennafélögum á landinu til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana. Einnig eru styrkir til útbreiðslu- og fræðsluverkefna, að þessu sinni verður horft sérstaklega til verkefna sem stuðla að jafnrétti í íþróttum. Þá eru veittir styrkir til að stunda rannsóknir á ýmsum þáttum íþróttastarfsemi í landinu.

Þrjú verkefni á sambandssvæði hlutu styrk úr Íþróttasjóði fyrir 2019 á sambandssvæði UMSS samtals að upphæð 850.000 kr.

Ferðasjóður

Úthlutað var úr Ferðasjóði íþróttafélaga til íþrótt- og ungmennafélaga í mars vegna keppnisferða innanlands ársins 2019. Til úthlutunar að þessu sinni voru 127 milljónir króna. Styrkirnir eru greiddir beint til félaga og deilda. Alls bærust sjóðnum 264 umsóknir frá 117 íþrótt- og ungmennafélögum úr 21 íþróttahéraði um styrk vegna 2.928 ferða á fyrir fram ákveðin styrkhæf mót innanlands Heildarupphæð umsókna var kr. 492.199.559 kr.

Ferðasjóður íþróttafélaga er fjármagnaður með fjárframlagi frá ríkinu. Ísl er falin umsýsla sjóðsins, útreikningur styrkja og úthlutun úr sjóðnum. Fjárstuðningur ríkisins til niðurgreiðslu ferðakostnaðar íþróttafélaga er ómetanlegur og ljóst að styrkir úr sjóðnum hafa afar jákvæð áhrif á þátttöku íþróttafélaga á landsvísi í íþróttamótum innanlands. Ferðasjóður greiddi árið 2019, 5.370.518 kr. til sambandssvæðis UMSS.

Viðurkenningar UMFÍ og ÍSÍ

UMFÍ heiðursfélagar, gull- og starfsmerki

Heiðursfélagar UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1987

Gullmerki UMFÍ

Guðjón Ingimundarson 1984

Haraldur Þ. Jóhannsson 2004

Páll Ragnarsson 2007

Starfsmerki UMFÍ

Stefán Pedersen 1971

Helgi Rafn Traustason 1980

Páll Ragnarsson 1980

Stefán Guðmundsson 1980

Gunnar Sigurðsson 1992

Frímann Guðbrandsson 1998

Ómar Bragi Stefánsson 1998

Hjalti Þórðarson 2004

Bjarni Jónsson 2005

G. Kristín Jóhannesdóttir 2006

Guðmundur Sveinsson 2006

Steinunn Hjartardóttir 2009

Stefán Öxndal Reynisson 2010

Snorri Styrkársson 2010

Rannveig Helgadóttir 2011

Viggó Jónsson 2011

Hrafnhildur Pétursdóttir 2012

Jónína Stefánsdóttir 2012

Hjörtur Geirmundsson 2012

Kári Marísson 2013

Starfsmerki UMFÍ, frh.

Árni Stefánsson 2013

Friðbjörg Vilhjálmsdóttir 2017

Ingimar Ingimarsson 2017

Símon Gestsson 2017

Björn Hansen 2018

Sigurlína Hrönn Einarsdóttir 2018

Skúli Jónsson 2018

Sara Gísladóttir 2019

Gunnar Þór Gestsson 2019

ÍSÍ gull- og silfurmerki

Gullmerki ÍSÍ

Páll Ragnarsson 1982

Trausti Sveinsson 1996

Viggó Jónsson 2019

Silfurmerki ÍSÍ


Haraldur Þór Jóhannsson 2005

Hjalti Þórðarson 2005

Ómar Bragi Stefánsson 2005

Steinunn Hjartardóttir 2006

Halldór Halldórsson 2008



Reglugerð um val á Íþróttamanni, Liði og Þjálfara ársins í Skagafirði

1.gr. Val á íþróttamanni, liði og þjálfara ársins í Skagafirði er samstarfsverkefni UMSS og Sveitafélagsins Skagafjarðar.

2.gr. Rétt til að tilnefna íþróttamann, lið og þjálfara ársins í Skagafirði hafa öll aðildarfélög og deildir UMSS sem eru aðilar að UMSS. Fjöldi tilnefning í hverjum flokki frá hverju aðildarfélagi eða deild geta að hámarki verið sem hér segir:

• Bilaklúbbur Skagafjarðar	1 tilnefning
• Golfklúbbur Sauðárkróks	1 tilnefning
• Hestamannafélagið Skagfirðingur	1 tilnefning
• Íþróttafélagið Gróska	1 tilnefning
• Siglingaklúbburinn Drangey	1 tilnefning
• Ungmenna- og íþróttafélagið Smári	1 tilnefning
• Ungmennafélagið Hjalti	1 tilnefning
• Ungmennafélagið Neisti	1 tilnefning
• UMFT Bogfimdeild	1 tilnefning
• UMFT Frjálsíþróttadeild	1 tilnefning
• UMFT Júðódeild	1 tilnefning
• UMFT Knattspyrnadeild	1 tilnefning
• UMFT Kraftlyftingadeild	1 tilnefning
• UMFT Körfuknattleiksdeild	1 tilnefning
• UMFT Skíðadeild	1 tilnefning
• UMFT Sunddeild	1 tilnefning
• Vélhjólaklúbbur Skagafjarðar	1 tilnefning
• Einnig getur aðalstjórn UMSS og félags- og tómstundarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar tilnefnt einstaklinga með lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði sem skarað hafa framúr í íþróttum sem ekki eru til staðar í Skagafirði og því utan aðildarfélaga og deilda í UMSS.	

Skal þetta uppfært samhliða breytingum á aðildarfélögum/deildum UMSS.

3. gr. Þeir sem eru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni ársins skulu hafa náð 18 ára aldri og eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Skagafirði. Þó er heimilt að tilnefna ungling 12-17 ára sem keppir í flokki fullorðinna og er að ná það góðum árangri að hann teljist á meðal þeirra bestu í sinni íþróttagrein.

4. gr. Með tilnefningum aðildarfélaga/deilda skal skila inn greinagerð um viðkomandi íþróttamann.

Þar skal m.a. koma fram:

- Afrek/keppni erlendis á árinu (félag/landlið) í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni á Íslandi í unglinga- eða fullorðins flokki
- Afrek/keppni í Skagafirði í unglinga eða fullorðins flokki
- Staðan yfir landið (og t.d. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðins flokki)
- Umsögn um íþróttamanninn - afrek, karakter, stefna o.s.frv.

Úrdráttur úr fyrrgreindum atriðum verður lesinn upp á kjörinu.

5.gr. Val á íþróttamanni Skagafjarðar er í höndum tíu manna nefndar sem er þannig skipuð:

- Aðalstjórn UMSS (5)
- Félags- og tómstundarnefnd (3)
- Forstöðumaður frístunda og íþróttamála (1)
- Feykir, ritstjóri (1)

Ef einstaklingur á sæti bæði í aðalstjórn UMSS og félags og tómstundarnefnd er heimilt að varamaður einstaklingsins í félags- og tómstundarnefnd greiði atkvæði. Ef starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða ritstjóri eru í aðalstjórn UMSS þá greiðir varamaður í aðalstjórn UMSS atkvæði.

6.gr. Kosið skal um þrjú efstu sæti. Fyrsta (1.) sæti gefur 10 stig, annað sæti (2.) gefur 7 stig og þriðja (3.) sæti gefur 5 stig.

Ef tveir eða fleiri einstaklingar verða jafnir í kjörinu ræður eftirfarandi röð manna:

- Fleiri tilnefningar í fyrsta sæti
- Fleiri tilnefningar í annað sæti
- Fleiri tilnefningar í þriðja sæti

Við val á íþróttamanni ársins skulu þeir sem hafa rétt til að greiða atkvæði taka tillit til árangurs á árinu sem kjörið á um við. Einnig skal tillit tekið til reglusemi og ástundunar, þrúðmennsku og framfara.

Eftir að aðildarfélög/deildir hafa sent inn greinagerðir með tilnefningum sínum, skal framkvæmdastjóri UMSS boða kynningarfund með valnefnd, áður en hún kys. Þar koma fulltrúa þeirra aðildarfélaga/deilda sem tilnefna, og kynna nánar afrek þeirra sem eru tilnefndir í kjörinu. Framkvæmdastjóri UMSS skal boða fulltrúa aðildarfélaga/deilda á fundinn.

7. gr. Tilnefningar skulu hafa borist stjórn UMSS fyrir 1. desember ár hvert. Framkvæmdastjóri UMSS tekur saman allar tilnefningar og sendir til valnefndar. Kynning fyrir valnefnd fer fram fyrir 15.des. Valnefnd skilar síðan atkvæði sínu til stjórnar UMSS fyrir 20. desember ár hvert.

8.gr. Útnefning á kjöri íþróttamanni Skagafjarðar fer fram milli jóla og nýs árs ár hvert við hátíðlega athöfn.

9.gr. Við verðlaunaafhendinguna skal þess getið í stuttu máli hver árangur og afrek liggi að baki hvers titils.

10. gr. Íþróttamaður ársins hlýtur farandbikar til varðveislu í eitt ár, og er nafn hans grafið í bikarinn og viðeigandi ártal. Einnig hlýtur hann minni bikar til eignar.

11.gr. Þegar ekki er lengur hægt að áletra fleiri nöfn á farandbikaranna skulu þeir fara til varðveislu hjá UMSS sem sér til þess að þeir verði staðsettir á opinberum stað.

12.gr. Hvatningarverðlaun UMSS

Öllum aðildarfélögum og deildum innan UMSS er heimilt að tilnefna einn pilt og eina stúlku sem hlýtur Hvatningarverðlaun UMSS. Tilnefninginn skal veitt þeim íþróttamanni sem er áhugasamur, með góða ástundun, sýnir góða hegðun innan vallar sem utan, er góður félagi og telst vera góð fyrirmynd annara unglinga. Lágmarksaldur fyrir Hvatningarverðlaun UMSS er 12 ára á árinu og hámarks aldur er 17 ára á árinu.

Stjórn UMSS og Sveitarfélagið Skagafjörður geta einnig veitt hvatningarverðlaun til þjálfara, liðs, félags, einstaklings eða flokks sem þykir hafa staðið sig vel á árinu á einhvern hátt.

Viðurkenningar eru einnig veittar fyrir landsliðssæti (unglinga-, karla- eða kvenna).

ÍÞRÓTTAMAÐUR UMSS 2019

Ísak Óli Traustason *frjálsíþróttamaður UMF Tindastóll*

Ísak Óli er Íslandsmeistari í sjöþraut karla innanhús, 60m grind innahús, langstökki karla innanhúss og 110 m grind utanhúss. Hann einnig Bikarmeistari karla utanhúss í 110 m grind og innanhúss í 60 m grind.

Ísak Óli er í landsliðshóp Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ) í fjölþraut, grind, og langstökki og fór hann fjórum sinnum á vegum þeirra og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands á árinu til að keppa á stórmótum erlendis.

- Games of the Small states of Europe
- Nordic junior Championships in Combined Events
- European Combined Events Team Championship
- European Athletics Team Championship

Ísak Óli er góð fyrirmynd jafnt innan vallar sem utan. Hann hvetur jafnan aðra keppendur til dáða, hvort heldur þá sem hann er að keppa við eða keppa með. Hann hefur einnig verið að bæta sig í hverri greininni á fætur annarri á árinu sem er að líða.

Ísak Óli var valinn langstökkvari karla 2019 af Frjálsíþróttasambandi Íslands.

Ísak Óli æfir frjálsar íþróttir undir leiðsögn þjálfara síns Sigurðar Arnars Björnssonar á Sauðárkróki á sumrin en á veturnar er Frjálsíþróttadeild Tindastóls með samning við frjálsíþróttadeild ÍR fyrir frjálsíþróttamenn Tindastóls þar sem þeir fá að æfa í Laugardalshöllinni með þjálfurum ÍR.

Íslandsmeistaratitlar 2019

110 m grind utanhúss
60 m grind innanhúss
Langstökk innanhúss
Sjöþraut innanhúss

Bikarmeistaratitlar 2019

110 m grind utanhúss
60 m grind innanhúss

Annar árangur 2019:

2. sæti á Meistaramóti Íslands í Fjölþraut - Tugþraut karla utanhúss
2. sæti í 60 m hlaup karla á Meistaramóti Íslands innanhúss
2. sæti í stangarstökki karla á Meistaramóti Íslands utanhúss
2. sæti í langstökki karla á Meistaramóti Íslands utanhúss
3. sæti stangarstökk karla á Bikarmóti Íslands innanhúss

Bætingar 2019:

Utanhúss:

100 m grind 14,92 sek. úr 15,10 sek. bæting um 0,18 sek.
Kúluvarp 12,57 m úr 11,92 m bæting um 0,65 m.
Tugþraut 7007 stig úr 6723 stig, bæting um 284 stig

Innanhúss:

60 m 7,03 sek úr 7,13 sek. bæting um 0,10 sek.
Stangarstökk 4,30 m úr 4,10 m. bæting um 0,20 m.




mynd: Páll Friðriksson



mynd: Flickr síða ÍR

Aðrar tilnefningar til Íþróttamanns UMSS 2019




Arnar Geir Hjartarson

Kylfingur, Golfklúbbur Sauðárkróks
mynd: kylfingur.vf.is



Bryndís Rut Haraldsdóttir

Knattspyrnumaður, Ungmennafélagið Tindastóll
mynd: feykir.is



Mette Moe Mannseth

Hestamaður, Hestamannafélagið Skagfirðingur
mynd: feykir.is



Viðar Ágústsson

Körfuknattleiksmaður, Ungmennafélagið Tindastóll
mynd: visir.is

Meistaraflokkur kvenna *knattspyrnudeild UMF Tindastóll*



mynd: Páll Friðriksson

Stúlkurnar í meistaraflokki urðu í 2. sæti 2. deildar kvenna og unnu sig þar með upp um deild. Liðið var nánast einvörðungu skipað stúlkum, ættuðum úr Skagafirði, lið sem heimafolk getur verið stolt af. Einungis markamismunur varð til þess að þær unnu ekki 2.deildina. Á næsta ári biður þeirra keppni í 1.deild sem er jafnframt næst efsta deild Íslandsmótsins. Stefna deildarinnar er áfram sett á að byggja liðið fyrst og fremst upp á heimastúlkum úr Skagafirði.

Stelpurnar unnu 12 leiki, gerðu 1 jafntefli og töpuðu 5 leikjum. Skorðu 48 mörk og fengu 34 mörk á sig.



mynd: feykir.is

Tindastóll – Incasso deild kvenna 2019

Haukar 0 : **1 Tindastóll**

Tindastóll 4 : **6 FH**

Þróttur R. 4 : 2 Tindastóll

Tindastóll 6 : 2 Fjölnir

Augnablik 0 : **1 Tindastóll**

Tindastóll 4 : 3 Grindavík

Afturelding 2 : 1 Tindastóll

Tindastóll 6 : 1 ÍR

ÍA 1 : **2 Tindastóll**

Tindastóll 0 : **1 Haukar**

FH 4 : 4 Tindastóll

Tindastóll 0 : **7 Þróttur R.**

Fjölnir 0 : **1 Tindastóll**

Tindastóll 3 : 1 Augnablik

Grindavík 0 : **3 Tindastóll**

Tindastóll 2 : 1 Afturelding

ÍR 0 : **4 Tindastóll**

Tindastóll 4 : 1 ÍA

Aðrar tilnefningar Lið UMSS 2019



Kvennasveit GSS
Golfklúbbur Sauðárkróks
mynd: www.GSS.is



Blakfélagið Krækjur
Ungmennafélagið Hjalti
mynd: www.feykir.is



Meistarafli karla - körfuknattleikur
Ungmennafélagið Tindastóll
mynd: Hjalti Árnason

ÞJÁLFARI UMSS 2019

Sigurður Arnar Björnsson - frjálsar íþróttir UMF Tindastóll



mynd: FLIKR síðu FRÍ

Sigurður „Arnar“ Björnsson þjálfar 14 ára og eldri frjálsíþrótta iðkendur hjá Frjálsíþróttadeild UMF Tindastól, hann er einnig í þjálfarateymi hjá landsliði Frjálsíþróttasambands Íslands, en Arnar fór þrisvar út með landsliði FRÍ á árinu.

Arnar er búin að vera viðloðandi frjálsar íþróttir frá ungum aldri. Hann byrjaði sem keppandi, var efnilegur spretthlaupari (á 19 ára gamalt Íslandsmet í 50m hlaupi innanhúss í aldurfl. 18-19 ára drengja).

Arnar er búin að þjálfa iðkendur frjálsíþróttadeildar Tindastóls frá árinu 2011, en áður starfaði hann sem þjálfari hjá Frjálsíþróttadeild Ármanns í Reykjavík. Arnar fylgir þeim sem hann þjálfar vel eftir á mótum, sem og á æfingum, honum er annt um velferð þeirra jafnt utan vallar sem innan.

Arnar hefur náð frábærum árangri með iðkendur sína og eru nokkrir þeirra meðal þeirra fremstu á landinu í sínum greinum, en í hans æfingar hóp eru þrír í landsliði Íslands og tveir í úrvalshóp Frjálsíþróttasambands Íslands (FRÍ). Og er ótrúlegt hve krakkarnir hans eru búnir ná langt miðað við aðstæður til frjálsíþrótta æfinga á Sauðárkróki yfir vetrartímann.

Arnar fylgir þeim sem hann þjálfar vel eftir á mótum, sem og á æfingum, honum er annt um velferð þeirra jafnt utan vallar sem innan. Hann hefur náð góðum árangri með iðkendur sína og eru nokkrir þeirra meðal þeirra fremstu á landinu í sínum greinum.

Árið 2018 hafa frjálsíþrótta iðkendur hjá UMF Tindastól hlotið níu Íslandsmeistararitla, sex Bikarmeistararitla og einn Unglingalandsmótstitill.

Arnar fór þrisvar út með landsliði FRÍ á árinu.



mynd: umss.is

Aðrar tilnefningar þjálfari UMSS 2019



Guðni Þór Einarsson og Jón Stefán Jónsson
UMF Tindastóll knattspyrnudeild
mynd www.feykir.is

HVATAVERÐLAUN UMSS 2019




mynd: www.feykir.is

Alexander Franz Þórðarson	Golfklúbbur Sauðárkróks
Andrea Maya Chirikadzi	Umf. Tindastóll frjálsíþróttadeild
Anna Karen Hjartardóttir	Golfklúbbur Sauðárkróks
Ardís Heba Skarphéðinsdóttir	Umf. Tindastóll skíðadeild
Bragi Skúlason	Umf. Tindastóll knattspyrnudeild
Eva Rún Dagsdóttir	Umf. Tindastóll körfuknattleiksdeild
Eyþór Lár Bárðarson	Umf. Tindastóll körfuknattleiksdeild
Kolbrún Ynja Stefánsdóttir	Ungmennafélagið Neisti
Kristinn Örn Guðmundsson	Hestamannafélagið Skagfirðingur
Magnús Elí Jónsson	Umf. Tindastóll frjálsíþróttadeild
Margrét Rún Stefánsdóttir	Umf. Tindastóll knattspyrnudeild
Óskar Aron Stefánsson	Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári
Patrekur Rafn Garðarsson	Ungmennafélagið Neisti
Stefanía Sigfúsdóttir	Hestamannafélagið Skagfirðingur
Tómast Bjarki Guðmundsson	Golfklúbbur Sauðárkróks



Landslið aðildarfélaga UMSS 2019



Ásdís Ósk Elvarsdóttir

keppandi

Landsamband Hestamanna

Ísak Óli Traustason

keppandi

Frjálsíþróttasamband Íslands

Jóhann Björn Sigurbjörnsson

keppandi

Frjálsíþróttasamband Íslands

María Finnbogadóttir

keppandi

Skiðasamband Íslands

Marín Lind Ágústsdóttir

keppandi

U16 Körfuknattleikssamband Íslands

Sigurður Arnar Björnsson

þjálfari

Frjálsíþróttasamband Íslands

Þórarinn Eymundsson

keppandi

Landsamband Hestamanna

Örvar Freyr Harðarson

keppandi

U16 Körfuknattleikssamband Íslands

ÍÞRÓTTAMENN UMSS FRÁ 1980-2019



myndir: umss.is, feykir.is og skagafjordur.is

1980 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1981 María Sævarsdóttir, Tindastóll, sund
1982 Gísli Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1983 Ragna Hjartardóttir, Tindastóll, sund
1984 Gunnar Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1985 Friðrik Steinsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1986 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1987 Berglind Bjarnadóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1988 Lilja María Snorradóttir, Tindastóll, sund
1989 Eyjólfur Sverrisson, Tindastóll, knattspyrna
1990 Helgi Sigurðsson, Glóðafeykir, frjálsar íþróttir
1991 Valur Ingimundarson, Tindastóll, körfubolti
1992 Sveinn Margeirsson, Smári, frjálsar íþróttir
1993 Inga Dóra Magnúsdóttir, Tindastóll, knattspyrna
1994 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1995 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1996 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1997 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1998 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
1999 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir

2000 Jón Arnar Magnússon, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2001 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2002 Sveinn Margeirsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2003 Sunna Gestsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2004 Björn Jónsson, Stígandi, hestaíþróttir
2005 Svavar Atli Birgisson, Tindastóll, körfubolti
2006 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir
2007 Þórarinn Eymundsson, Stígandi, hestaíþróttir
2008 Bjarki Már Árnason, Tindastóll, knattspyrna
2009 Bjarni Jónasson, Léttfeti, hestaíþróttir
2010 Gauti Ásbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2011 Elvar Einarsson, Stígandi, hestaíþróttir
2012 Mette Camilla Moe Mannseth, Léttfeti, hestaíþróttir
2013 Jóhann Björn Sigurbjörnsson, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2014 Baldur Haraldsson, Bílklúbbur Skagafjarðar, akstursíþróttir
2015 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2016 Pétur Rúnar Birgisson, Tindastóll, körfubolti
2017 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2018 Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir, Tindastóll, frjálsar íþróttir
2019 Ísak Óli Traustason, Tindastóll, frjálsar íþróttir



Frjálsíþrótta landsliðsfólk UMSS á Evrópudeildarkeppni 3.deildar 2019 Norður-Makedónía



myndir: frjálsíþróttadeild Tindastóls

Í frjálsíþróttaráði UMSS 2019 sitja Sigurjón Viðar Leifsson gjaldkeri, Sara Gísladóttir, Sigurður Arnar Björnsson, Sindri Gunnarsson, Kolbrún Þórðardóttir, Þórunn Eyjólfadóttir og Thelma Knútsdóttir (starfsmaður).

Innanhússmeistaramótin á liðnu ári voru öll haldin á Reykjavíkursvæðinu. Þátttaka UMSS í mótunum var ágæt, eða 30 keppendur samanlagt. Bestu afrek þessara móta voru:

Stórmót ÍR

Aníta Ýr Atladóttir 1. sæti í kúluvarpi 3 kg. 16-17 ára á nýju héraðsmeti 12,58 m.

Jóhann Björn Sigurbjörnsson 1. sæti í 60 m og 200 m.

Ísak Óli Traustason 2. sæti í langstökki og 3. sæti í kúluvarpi.

Guðný Rúna Vésteinsdóttir 3. sæti í kúluvarpi 16-17 ára.

Meistaramót 15-22 ára

Aníta Ýr Atladóttir 2. sæti kúluvarp 16-17 ára.

Sveinbjörn Óli Svavarsson 3. sæti stangarstökk 20-22 ára.

Rúnar Ingi Stefánsson 3. sæti kúluvarp 20-22 ára.

Meistaramót í sjöpraut

Ísak Óli Traustason Íslandsmeistari í sjöpraut innanhúss

Meistaramót, aðalhluti

Ísak Óli Traustason Íslandsmeistari í 60m grind og langstökki, og 2. sæti 60 m.

Bikarkeppni FRÍ

Ísak Óli Traustason bikarmeistari í 60m grind.

Meistaramót öldunga

Karl Lúðvíksson Íslandsmeistari 60 m, hástökk, langstökk, 2. sæti í 60 m grind og 3. sæti stangarstökk.

Theodór Karlsson Íslandsmeistari hástökk, langstökk, þristökk, stangarstökk.

UMSS sendi karlalið til keppni í Bikarkeppni FRÍ innanhúss og lenti liðið í fimmta sæti í stigakeppni karlaliða í mótinu. Af

öðrum innanhúsmótum sem keppendur frá UMSS tóku þátt í var Innanfélagsmót ÍR og Reykjavík International Games.

Utanhússmeistaramótin sem keppendur UMSS tóku þátt í voru; Meistaramót Íslands í fjölprautum á Akureyri, 93. Meistaramót Íslands á Laugardalsvelli og Meistaramót Íslands 15 – 22 ára á Selfossi.

Bestu afrek Meistaramóta utanhúss náðu:

Meistaramót 15-22 ára

Andrea Maya Chirikadzi 2. sæti í kúluvarpi og 3. sæti í kringlukasti 16-17 ára

Rúnar Ingi Stefánsson 2. sæti í kúluvarpi 20-22 ára

Stefanía Hermannsdóttir 2. sæti kringlukast 16-17 ára

Ragna Vigdís Vésteinsdóttir 3. sæti kúluvarp og spjótkastr 20-22 ára

Sveinbjörn Óli Svavarsson 3. sæti 200 m 20-22 ára

Meistaramót, aðalhluti

Ísak Óli Traustason Íslandsmeistari í 110 m grindahlaupi karla og 2. sæti stangarstökk og langstökk.

Jóhann Björn Sigurbjörnsson 3. sæti 200 m.

Bikarmeistaramót FRÍ

Jóhann Björn Sigurbjörnsson bikarmeistari 100m hlaup.

Ísak Óli Traustason bikarmeistari 110 m grind.

Sveit UMSS/KFA 2. sæti í 1000 m boðhlaupi karla.

Sveit UMSS/KFA 3. sæti í 100 m boðhlaupi kvenna.

Meistaramót í fjölpraut

Ísak Óli Traustason 2. sæti í tugpraut karla.

Meistaramót öldunga

Karl Lúðvíksson Íslandsmeistari í 100 m, hástökk, langstökk og kringlukast.

Theodór Karlsson Íslandsmeistari í 100 m, hástökk, landstökk og spjótkastr.



UMSS sendi sameiginlegt lið með KFA til keppni í Bikarkeppni FRÍ sem haldið var í Hafnarfirði júlí. Lið UMSS/KFA stóð sig mjög vel á mótinu og lenti í fjórða sæti í heildar stigakeppni félaganna. Karlarnir enduðu í fjórða sæti og konurnar í fimmta sæti.

Af öðrum utanhúss mótum sem keppendur UMSS tóku þátt í má nefna Akureyrarmót UFA, Vormót HSK, Fjölþrautamót KFA, Vormót HSK, Sumarleikar HSP og nokkur Sumarmót UMSS.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Höfn á Hornafirði dagana 2. – 4. ágúst og tóku 8 keppendur frá UMSS þátt í frjálsíþróttakeppninni og unnu til 4. verðlauna.

Keppendur og þjálfari hjá UMSS tóku þátt í nokkrum mótum erlendis á síðastliðnu sumri, Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi, Norrænni fjölþrautakeppni í Svíþjóð, Fjölþrautakeppni Evrópu í Portúgal og Evrópu liða keppninni í Makedóníu.

Þau verkefni sem voru haldin hér á heimavelli á síðasta ári voru: Páskamót UMSS, Jólamót UMSS, Kastbætingamót UMSS og 1. Sumarmót UMSS. Framkvæmd mótanna gekk vel og vill Frjálsíþróttaráð UMSS þakka öllum þeim sjálfbóðaliðum sem komu að framkvæmd mótanna kærlega fyrir. Án þessa mikla stuðnings væri mótahaldið einfaldlega ekki mögulegt.

Afar góður árangur náðist á mótum ársins með fjölmörgum persónulegum metum auk nokkurra héraðsmeta. Síðastliðið ár var gott frjálsíþróttarár, og árangur ársins í ár sýnir fram á annað gott ár hjá frjálsíþróttafólki UMSS.

Áfram UMSS.

Stjórn Frjálsíþróttaráðs UMSS



ÁRSKÝRSLUR

AÐILDARFÉLAGAUMSS 2019



Bílaklúbbur Skagafjarðar var stofnaður í maí 1989 og eru því 30 ár frá stofnun félagsins.

Leiðinlegt er að segja að afmælisárið kom og leið, en mjög lítil starfsemi var á árinu, en undanfarin ár hefur starfsemi félagsins nær einskorðast við keppnishald í Rallýakstri þar sem klúbburinn hefur staðið fyrir einni keppni af fimm í Íslandsmeistaramótinu, en það varð ekki af því þetta ár.

Líkt og oft er í öðrum íþróttagreinum og félagsstarfi mæðir starfið oftast á fáum einstaklingum. Starfsumhverfi á landsvísu í akstursíþróttum er því miður með þeim hætti að einstaka félög fá ófullnægjandi stuðning við framkvæmd keppnishalds frá landssambandinu. Þetta tvennt veldur því helst að nú háttar svo til að ákveðið hefur verið að taka ótímabundið hlé frá keppnishaldi hjá Bílaklúbbsi Skagafjarðar.

Keppnir Bílaklúbbs Skagafjarðar hafa yfirleitt farið fram í júlí og óhætt er að segja að akstursíþróttafólk hafi litið keppnishaldið jákvæðum augum og hefur rallýakstursfólk í raun haldið þar sína árshátíð, en keppnin í Skagafirði hefur alltaf verið fjölsóttasta rallýkeppni ársins.

Að jafnaði koma um 40-50 manns að því að halda hverja keppni auk þeirra sem taka þátt sem keppendur eða aðstoðarfólk þeirra. Eru þá ótaldir áhorfendur sem fylgja oftast með en ekki eru taldir þar sem hvergi er selt inn. En vegna mikillar manneklu var ekki möguleiki að halda árlegt rallý í Skagafirði afmælisárið okkar.

Stjórn Bílaklúbbs Skagafjarðar:

Baldur Haraldsson, formaður

Jón Friðbjörnsson, ritari

Ingvar Guðmundsson, gjaldkeri

Björn Ingi Björnsson, meðstjórnandi

Eyþór Fannar Sveinsson, meðstjórnandi.

Í varastjórn eru:

Gunnar Traustason

Óttar Friðbjörnsson


Skoðunarmaður reikninga er: Ragna Hjartardóttir.

Starfsumhverfi til akstursíþróttaiðkunar í Skagafirði er gott. Bílaklúbburinn hefur að jafnaði notið mikillar velvildar frá landeigendum, sjálfboðaliðum, fyrirtækjum og öðrum sem stutt hafa við keppnishaldið og gert það mögulegt. Samstarf við Sveitarfélagið og löggæsluyfirvöld sem m.a. veita leyfi fyrir keppnishaldinu hefur einnig verið mjög gott enda hefur félagið metnað til að hafa keppnishaldið til fyrirmyndar og í samræmi við þau lög og reglur sem um það gilda.

Bílaklúbbur Skagafjarðar þakkar öllum sem komið hafa að starfinu á árinu 2019, með einum eða öðrum hætti, fyrir gott samstarf.

f. h. Bílaklúbbs Skagafjarðar

Baldur Haraldsson, formaður.



myndir: feykir.is og Sveinn Haraldsson

Golfklúbbur Sauðárkróks

Stjórn GSS 2019 skipuðu: Kristján Bjarni Halldórsson formaður, Halldór Halldórsson varaformaður, Dagbjört Rós Hermundsdóttir ritari, Kristján Eggert Jónasson gjaldkeri, Andri Þór Árnason formaður mótanefndar, Helga Jónína Guðmundsdóttir formaður barna- og unglinganefndar og Guðmundur Ágúst Guðmundsson formaður vallarnefndar. Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason.

Golfsumarið byrjaði snemma árið 2019. Völlurinn kom vel undan vetri og var sleginn seinni partinn í apríl. Barna- og unglingastarf er í örum vexti hjá GSS. Starfið skipar mikilvægan sess hjá klúbbnum. Farin var æfingarferð til Spánar og önnur á döfinni, til Danmerkur í upphafi næsta sumars.

Hlíðarendavöllur er stolt félagsmanna og er lofaður af öllum sem sækja hann heim. Honum hefur verið haldið vel við en það er mikið verk að vinna. Völlurinn er 29 hektarar að stærð innan vallarmarka og því stærsta íþróttamannvirki í Skagafirði. Hann þjónar ekki aðeins félagsmönnum GSS heldur er hann aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Þar er tækifæri að gera betur og fá fleiri ferðagolfara til að sækja völinn heim. Orðsporið er þar mikilvægast en við þurfum að vera dugleg að vekja athygli á vellinum og auka hlut okkar í ferðapjónustu í Skagafirði.

Sú nýjung varð í kynningar- og nýliðastarfi árið 2019 að útbúinn var kynningarbæklingur um golfklúbbinn og borinn í öll hús á Sauðárkróki. Þar að auki var lögð áhersla á það að gera starf okkar sýnilegt, t.d. með því að senda reglulega fréttir til ritstjórnar Feykis. Heimasíðan fékk andlitslyftingu í byrjun árs. Hjörtur Geirmundsson hefur haft umsjón með heimasíðunni undanfarin ár. Heimasíðan varð svo enn betri þegar Þórður Karl Gunnarsson myndaði brautirnar með hjálp dróna frá Verkfræðistofunni Stoð ehf. Hægt er að skoða myndbönd af brautunum á heimasíðu klúbbsins.

Mótahald var blómlegt. Í skýrslu formanns mótanefndar kemur fram að haldin voru 36 golfmót sumarið 2019 á vegum mótanefndar, nýliðanefndar og barna og unglinganefndar. Þar að auki voru haldin ýmis mót í inniaðstöðu Borgarflöt 2a síðastliðinn vetur.

Félagsmenn nutu góðs af heimsóknum John Garner og Óla Barðdal sem þjálfuðu börn og unglinga. John Garner kom tvisvar en Óli Barðdal einu sinni. John Garner bauð upp á einkatíma fyrir alla félagsmenn og Óli Barðdal bauð upp á einkatíma og hópnámskeið.

Nú eru 167 félagar skráðir í GSS en 154 í lok síðasta árs. Vonandi tekst okkur áfram að gera starfið áhugavert og félagsmenn finni að allir eru velkomnir, hver á sínum forsendum.

Bæði karla- og kvennasveitir frá GSS tóku þátt í Íslandsmóti Golfklúbba. Karlasveitin keppti í 3. deild og konurnar í efstu deild. Báðar sveitir stóðu sig vel og héldu sætum sínum í deildum. Karlasveitin var reyndar hársbreidd frá því að fara upp um deild. Sveitarstjórar voru þau Árný Lilja Árnadóttir og Hjörtur Geirmundsson. GSS hefur sótt um að halda Íslandsmótið í 3. deild karla árið 2020 og bíður svars.

F.h. Golfklúbb Sauðárkróks

Kristján Bjarni Halldórsson,
formaður



myndir: Árskýrsla 2019 Golfklúbbs Sauðárkróks

Hestamannafélagið Skagfirðingur

Starfsemi Skagfirðings hefur að flestu leyti verið með hefðbundnu sniði og verk og vinnuferlar félagsins eru komnir í fastar skorður og nefndarvinna félagsins er virk og farsæl. Stjórn félagsins hefur komið saman reglulega eða alls 10 sinnum árið 2019.

Æskulýðsnefnd hefur starfað af miklum krafti nú sem undanfarin ár. Á síðastliðnu ári var sú breyting að öll skráning á námskeið barna og unglinga fer í gegnum Nórakerfið sem þýðir m. a. að foreldrar sem senda börn sín á námskeið hjá hestamannfélaginu geta nú sótt um frístundastyrk. Hestamannafélagið hélt áfram að styðja við nemendur í reiðskólanum á Varmalæk hjá Jóhönnu Friðriksdóttur. Aðrir kennarar voru þau Elín Rós Sverrisdóttir, Heiðrún Ósk Eymundsdóttir og Inken Ludemann og höfðu þær bækistöðvar í Svaðastaðahöllinni. Keppnisþjálfun var svo undir stjórn Þorsteins Björnssonar og Þórarins Eymundssonar og skilar öll þessi þjálfun og vinna á unga fólkinu okkar miklum árangri. Unglingadeild Skagfirðings stóð fyrir fjáröflun með miklum krafti til kaupa á speglum í reiðhöllina sem nú er búið að setja upp.

Hefðbundin mót voru haldin um vor og sumar. Hólamót Skagfirðings og UMSS var haldið á Hólum eins og undanfarin ár. Það er samvinnuverkefni Skagfirðings og Hólaskóla og er kostnaði og vinnu skipt á milli beggja aðila. Má segja að þetta verkefni sé komið í fastar skorður. Önnur hefðbundin mót voru haldin s.s eins og Kvennatölt Líflands, eitt stæsta kvennamót Norðurlands - þar sem konur af öllu Norðurlandi mæta uppá búnar samkvæmt þema mótsins með eðaltöltara og keppa um góða vinninga.

Firmakeppnin haldin á Sumardaginn fyrsta, sló svo tóninn fyrir útimót sumarsins. Hún skilar félaginu ríflegu framlagi frá fyrirtækjum og einstaklingum og færur við þeim öllum bestu þakkir. Félagsmót Skagfirðings var haldið í júní og tóks vel og opið Gæðingamót var í júlí. Fákaflug var síðan haldið í ágúst í



myndir: Hestamannafélagið Skagfirðingur

samvinnu við Sveitarsæluna og er það samstarf komið til að vera. Góð þátttaka var á öllum þessum viðburðum. Ný fræðslunefnd fór af stað með trucki og hefur boðið félögum uppá mjög spennandi fyrirlestra, sýnikennslur, námskeið og fleira - Allt rækilega auglýst á Facebook og heimasíðum ásamt auglýsingum í Sjónhorni. Skemmtileg blanda af efni fyrir alla, áhugafólk og fagmenn.

Kvennadeildin er virk sem áður - í ár voru þrír viðburðir á hennar vegum, Kvennatölt Líflands sem áður er getið, einnig tók kvennadeildin yfir Töltgrúppuna, þar sem konur og hestar koma saman, ríða mynsturtölt og skemmta sér saman, og svo hin árlega hestaferð. Var ríðið inn í Austurdal með hóp kvenna og í ágætu veðri. Gist á Merkigili, þar sem slegið var upp veislu og sungið fram á nótt.

Unnið hefur verið að opnun reiðleiðar um land Valla og yfir gömlu brúna yfir Héraðsvötn í landi Syðstu-Grundar, í samstarfi við landeigendur, Vegagerð ríkisins, Landgræðsluna og sveit. Skagafjarðar. Samingsdrög eru komin til landeigenda og fjármagn er tryggt, mun Vegagerðin sjá um viðgerð á gömlu vatnabrunni og gerð varnargarða í landi Valla. Vonast ég til að framkvæmdir geti hafist í vetur og verið verði klárað næsta sumar. Einnig sést nú vonandi fyrir endann á nýrri reiðleið



gegnum Sauðárkrók en hún mun liggja á landamerkjum Áshildarholts og Sauðárkróks, upp fyrir spennistöðina, út og yfir Sauðárgilið og þar verður hægt að ríða út á gömlu Gönguskarðsárbrúna eða upp hjá Fjárréttinni og yfir ána á móts við Skarðsrétt.

Á Heimsmeistaramótinu í Berlín í sumar átti Skagfirðingur 2 fulltrúa Ásdísi Ósk Elvarsdóttur og Eyrúnu Ýr Pálsdóttur sem báðar stóðu sig frábærlega vel og veitti Skagfirðingur þeim styrk til fararinnar og óskum við þeim innilega til hamingju með árangurinn.

Hestamannafélagið Skagfirðingur, með stuðningi Sveitarfélags Skagafjarðar og Hólaskóla, hefur sótt um að halda Landsmót á Hólum 2024. Umsóknarfrestur var til 1. mars 2020 og verður val á landsmótsstað gert kunnugt í haust.

F.h. Stjórnar Hmf. Skagfirðings

Skapti Steinbjörnsson, formaður
Hafsteinsstöðum



Íþróttafélagið Gróska

Starfsemi Grósku er venjubundin frá ári til árs. Reyndar var svolítil breyting hjá okkur í vetur þar sem við vorum með Norðurlandsmót í mars, sem vegna veikinda færðist frá desember fram yfir áramót.

Æfingar eru einu sinni í viku frá september byrjun til loka apríl. Farið er á Íslandsmót tvisvar yfir veturinn, einstaklingskeppni í október sem var á Ísafirði og fengum við frábært veður frá því við lögðum af stað og þar til við komum heim og sveitakeppni í mars eða apríl sem er yfirleitt haldin í Reykjavík. Norðurlandsmót er venjulega í október eða nóvember og var á Akureyri 2. nóvember síðastliðinn og enduðum við á Hængsmóti um mánaðamót apríl/mái.

Okkar fjáröflun hefur verið sala jólakorta fyrir jólin en erum hætt með það þar sem fólk almennt er hætt að senda jólakort. Við söfnum flöskum og dósum í endurvinnslu. Einnig höfum við búið til fiskibollur og seljum vinum og vandamönnum.

Hjá Grósku er einungis Boccia á dagskrá. Iðkendur eru mjög áhugasamir bæði á æfingum og einnig í keppni og hefur þeim gengið alveg ágætlega á mótum. Svo er Aðalheiður Bára Steinsdóttir í afrekshóp ÍF og fer nokkrar ferðir á ári á landsliðsæfingar til Reykjavíkur hjá Íþróttasambandi fatlaðra.

F.h. stjórnar Íþróttafélagsins Grósku

Salmína S. Tavsén, formaður



myndir: Feykir.is og fésbókarsíða ÍF



Siglingaklúbburinn Drangey

Siglingaklúbburinn Drangey samanstendur af tveimur deildum, annars vegar siglingadeild og hins vegar hjólreiðadeild og voru báðar þessar deildir vel virkar á árinu 2019.

Eins og venjulega stóð siglingadeild Siglingaklúbbsins Drangeyjar fyrir námskeiðum fyrir krakka á aldrinum 9-13 ára í sumar sem var mjög vel tekið. Námskeiðin gengu að öllu leiti mjög vel fyrir sig og var fullbókað á öll námskeið sem voru haldin. Utan námskeiða þá voru eldri meðlimir klúbbsins nokkuð virkir í að nota búnaðinn og fara á sjóinn.

Fjárfest var í nýjum björgunarbát Atlantic 21 sem er mjög öflugt björgunarskip og búið öllum nauðsynlegum búnaði til sjóbjörgunar. Báturinn er í góðu ástandi en með gamlar vélar sem munu þarfnast endurnýjunar fyrr en seinna. Einnig var fjárfest í 4 „sit on top“ kayökum. Þegar á klúbburinn 5 slíka báta og hafa þeir verið mjög vinsælir en orðnir frekar úr sér gengnir og er það því miður ekki einu bátarnir sem slíkt má segja um.

Nauðsynlegt er fyrir klúbbinn að komast sem fyrst í framtíðar húsæði þar sem hægt er að geyma og gera við búnað klúbbsins. Engin slík aðstaða er til staðar í dag og á meðan grotnar búnaður klúbbsins niður. Enn er vinna í gangi við deiluskipulag hafnarinnar og er staðan því miður þannig að ekki er útlit fyrir að það klárast nú á vordögum og meðan það er ekki til staðar þá er lítil hreyfing á þessum málum. En annars er stjórn Siglingaklúbbsins Drangey bjartsýn á að úr leysist um leið og aðstæður til þess skapast.

Hjólreiðafélagið Drangey var almennt mjög virkt á árinu en upp úr stóðu þó tveir viðburðir. Annars vegar þá tók félagið þátt í keppninni WOW cyclothon 2019 og með tvö tíu manna lið. Þetta er stórkostlegur árangur að ná tveimur liðum í þessa keppni og má segja að tekist hafi mjög vel til. Bæði liðin hjóluðu saman og var mikil stemming í hópnum og var tekist á við óblíð náttúruöfl, lítinn svefn, bilanir og fleira með miklu æðruleysi.


Síðan og ekki síður er að nefna að félagið hélt sitt annað mót og að þessu sinni var ekki ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur. En félagið hélt eitt stærsta hjólreiðamót ársins í keppnishjólreiðum sem er Íslandsmeistaramótið í götuhjólreiðum. Mótið tókst mjög vel en alls mættu 80 hjólarar til keppni í ýmsum aldursflokkum bæði karla og kvenna. Þegar hefur verið ákveðið að halda áfram að halda mót hér í Skagafirði og mun Hjólreiðafélagið Drangey halda bikarmót í júlí 2020.

F.h. stjórnar Siglingaklúbbs Drangeyjar

Hallbjörn Ægir Björnsson



myndir: FB síður Siglingarklúbbs Drangeyjar og Hjólreiðarfélags Drangeyjar



Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári

Aðalfundur félagsins var haldinn 2. apríl 2019. Breytingar urðu á stjórninni og er hún þannig skipuð : Sara Gísladóttir formaður, Sigurlína Einarsdóttir ritari, Sigríður Fjóra Viktorsdóttir gjaldkeri, Róbert Logi Jóhannesson, Sarah Holzem, Aníta Ómarsdóttir og Sindri Gunnarsson meðstjórnendur.

Starfsemi á vegum U.Í. Smára árið 2019 var með svipuðu sniði og árin þar á undan. Um 80 % nemenda Varmahlíðarskóla sækir æfingar á vegum Smára. Á haustönninni var boðið upp á 2 æfingar í viku fyrir börn í 1. - 4. bekk. Þessar æfingar eru allar innan skólatíma og hafa verið vel sóttar. 5. - 8. bekkur eiga kost á 6 æfingum og 9. og 10. bekkur 7 æfingum.

Við bjóðum upp á fimleika og fótbolta fyrir alla og auk þess frjálsar, körfubolta og badminton fyrir eldri krakkana.

Í sumar voru æfingar í fótbolta og frjálsum fyrir allan aldur og leikjanámskeið fyrir börn í elsta árgangi leikskólans og 1. - 6. bekk grunnskólans. Farið var með 4 lið á Smábæjarleikana á Blönduósi í júní. Krakkar úr Neista í Hofsósi komu til okkar og spiluðu fótbolta og við fórum einnig til þeirra í heimsókn. Við fórum í heimsókn til Smárans í Hörgárbyggð í ágúst og voru spilaðir margir fjörugir leikir og boðið upp á svala og pylsur á eftir. Í september fórum við á fótboltamót hjá UMSE að Hrafnagili í Eyjafirði, farið var með 5 lið, 7. - 3. flokkur. Að venju var farið með 3 lið á Króksmótið aðra helgina í ágúst.

Boðið hefur verið upp á frjálsíþróttæfingar tvisvar sinnum í viku bæði sumar og vetur. Í haust var ákveðið að bjóða upp á eina æfingu á laugardögum fyrir elsta hópinn. Iðkendum í frjálsum íþróttum fer fjölgandi og góður árangur hefur náðst á þeim frjálsíþróttamótum sem sótt hafa verið. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að taka þátt í eftirfarandi frjálsíþróttamótum: Meistaramótum Íslands, Bikarkeppnum, Frjálsíþróttamót HSP og páskamót og jólamót UMSS sem haldið er í íþróttahúsinu í Varmahlíð. Keppendum frá Smára keppa undir merkjum UMSS og hefur þeim gengið vel á undanförnum árum. Finnst okkur mikilvægt að taka þátt í þessum mótum til að veita okkar iðkendum innsýn inn í íþróttina.



Fyrir hönd Ungmenna- og Íþróttafélagsins Smára,
Sara Gísladóttir formaður



myndir: Fésbókarsíða UÍ Smára

Ungmennafélagið Hjalti

Í stjórn félagsins sitja Katharina Sommermeier formaður, Guðmundur Björn Eypórsson ritari og Jóel Þór Árnason gjaldkeri.

Á árinu 2019 fóru Krækjur á fjöldann allan af trimmótum á Norðurlandi þar sem hvert lið spilar 5-6 leiki á helgi, í flestum tilfellum var farið með tvö lið. Svo í apríl 2019 var farið á Öldungamótið sem haldið var í Keflavík. Þar áttu Krækjur tvö lið. Krækjur A spilaði í 2. deild og vann sig upp í 1. deild. Lið B spilaði í 7. deild og hélt sig í þeirri deild.

Á vormánuðum kom í ljós að Cristina Ferreira myndi ekki halda áfram að þjálfar og spila með Krækjum því hún flutti frá Sauðárkróki. En áfram héldu Krækjur að spila við betri lið landsins á Íslandsmóti BLÍ. Veturinn 2017-2018 unnu þær sig upp í aðra deild og spiluðu í 2. deild veturinn 2018-2019. Skemmtilegt að segja frá því að þær unnu 2. deildina í mars 2019 og voru þá komnar upp í 1. deild. Krækjurnar voru tilnefndar til liðs ársins í Skagafirði 2019.

Páskaeggjábíngó var á sínum stað, en það er orðinn fastur liður í fjáröflun félagsins.

Eins og undanfarin ár hélt Ungmennafélagið Hjalti utan um leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 5-12 ára í júnímánuði 2019. Á leikjanámskeiðinu er lögð áhersla á útivist og hreyfingu; gönguferðir, frjálsíþróttæfingar, smíðavelli, hjólreiðar, tálgun, skipulagða leiki, ratleiki og fleira. Auk þess verður að lágmarki eitt föndur/handverksnámskeið í hverri viku; skiltagerð, brjóstsykursgerð, handverk úr efnivið skógarins og fleira.

Byrðuhlaupið er orðið fastur liður í 17. júní hátíðarhöldum þar sem Umf. Hjalti stendur fyrir skróðgöngu, leikjum og sprelli. Í Byrðuhlaup mættu 20 keppendur stórir og smáir. Grillaðar pylsur fóru vel í maga íþróttunnenda og þátttakenda.

Einstaklingar úr röðum félagsins hafa sem endra nær tekið þátt ýmsum mótum s.s. í hestaíþróttum, briddsmótum, blakmótum, frjálsíþróttamótum og knattspyrnumótum í héraði og um land allt.

F.h. Stjórnar Umf Hjalta,

Katharina Sommermeier formaður



myndir: Facebook Ungmennafélagið Hjalti

Ungmennafélagið Neisti

Knattspyrna yngri flokka var stunduð af mikilli elju og dugnaði eins og endranær. Þjálfari var Bjarki Már Árnason og honum til aðstoðar eftir þörfum Gréta Dröfn Jónsdóttir. Knattspyrnuæfingar voru nánast allt árið og æft utandyra eins mikið og mögulegt var. Auk þess að æfa var farið í keppnisferðir og byrjað í lok febrúar þegar 1.-8.bekkur fór í Varmahlíð og spilaði við Smára. Síðan var þetta endurtekið í byrjun apríl með svipuðu fyrirkomulagi en þessir leikir við Smára er orðinn fastur og skemmtilegur liður í starfinu.

Undir vor var farið á Goðamót Þórs á Akureyri þar sem 5.flokkur mætti til leiks. Neisti var með eitt lið sem stóð sig vel og fór alla leið í úrslitaleikinn í sinni deild gegn Þór. Þar endaði leikurinn með 3-3 jafntefli í venjulegum leiktíma og úrslit útkljáð í vítaspyrnukeppni þar sem Þór vann að lokum 3-1. Um sumarið var farið á Smábæjarleikana á Blönduósi. Þar kepptu þrjú lið, 7.fl., 5.fl.kk og 5.fl.kvk. Sameiginlegt lið var með Smára í 5.fl.kvk. Öllum liðunum þremur gekk afbragðs vel á mótinu og óhætt er að segja að þetta mót henti litlum félögum vel. Þann 25. júlí komu á Hofsós tveir fulltrúar frá KSÍ og voru með knattspyrnuþrautir og leiki fyrir krakkana.

Voru iðkendur féluginu til sóma og mikil ánægja með þessa heimsókn. Neisti fór í sumar í annað skipti á N1-mótið á Akureyri sem er keppni fyrir 5.flokk og tekur fjóra daga. Neistaliðið stóð sig nokkuð vel og fór í undanúrslit í sinni deild þar sem spilað var við lið Þróttar frá Reykjavík en því miður tapaðist sá leikur. Í leiknum um 3.sæti hafði Neisti betur og því verulega jákvæður árangur þegar upp var staðið. Um miðjan ágúst var tekið þátt í þriggja liða móti í Varmahlíð þar sem þátttakendur voru Smári Varmahlíð og Smári frá Þelamörk auk Neista. Þar var spilað í 7.fl, 6-5.fl. og 4.fl. Þegar leikir dagsins voru búnir var boðið upp á pylsuveislu sem rak endahnúttinn á dásamlegan dag þar sem allir skemmtu sér vel.

Júdóæfingar voru einu sinni í viku í Höfðaborg undir stjórn

Jakobs Pálmasonar. Áhuginn er mikill hjá þeim sem mæta og framfarir miklar á stuttum tíma. Auk þess mega iðkendur mæta á sameiginlegar æfingar hjá Júdódeild Tindastóls sem einhverjir nýttu sér. Nokkrum iðkendum stóð einnig til boða keppnir á mótum og var árangur þeirra sem kepptu góður. Til að geta haldið starfinu gangandi á Hofsósi eru leigðar dýnur af Júdódeild Tindastóls.

Tímabilinu lauk með uppskeruhátíð sem haldin var í nóvember í og við Höfðaborg. Þar var farið í leiki, spilaður leikur milli foreldra og barna og síðan var boðið upp á pitsur og allir iðkendur fengu viðurkenningu fyrir þátttöku. Á uppskeruhátíð hjá Ungmennasambandi Skagafjarðar rétt fyrir áramót fengu Kolbrún Ynja Stefánsdóttir og Patrekur Örn Garðarsson viðurkenningar fyrir eljusemi og góðan árangur.

Aðalfundur Neista var haldinn í Höfðaborg 23. febrúar en þar var, auk hefðbundinna fundarstarfa og fjörlegra umræðna um mörg brýn mál, kosið í stjórn og nefndir. Stjórn er skipuð eftirtöldum; Eiríkur Frímánn Arnarson formaður og aðrir í stjórn, Gréta Dröfn Jónsdóttir, Guðrún Þorvaldsdóttir, Hjalti Þórðarson og Sigmundur Jóhannesson. Vallarstjóri var áfram Sigurmon Þórðarson sem sá um að halda vellinum í góðu ásigkomulagi og svæðinu í kring sem snyrtilegustu.



Jólaspilavist á Hlíðarhúsi og Páskabingó í Höfðaborg voru á sínum stað sem hluti af skemmtunum og fjáröflunum félagsins. Mæting var góð á þessa viðburði sem ber að þakka. Aðrar og nokkuð fastar fjáraflanir voru sala á salernispappír, jólapappír og bakkelsi, koma flöskum og dósam í verð og að selja þökur og leggja. Hlíðarhúsið var eins og áður leigt út dag og dag og notað undir ýmsa viðburði.

Fyrir hönd Umf Neista
Bjarki Már Árnason og Hjalti Þórðarson



mynd: Ungmennafélagið Neisti

Aðalfundur UMFT var haldinn 27.03.2019 og var kosin óbreytt stjórn, Jón Kolbeinn Jónsson formaður, Dúfa Ásbjörnsdóttir varaformaður, Jóhannes Björn Þorleifsson gjaldkeri, Sigurlína Erla Magnúsdóttir ritari og Jón Hjörtur Stefánsson meðstjórnandi. Í varastjórn voru kosin Sigurður Helgi Sigurðsson, Einar Ingvi Ólafsson og Sigprúður Jóna Harðardóttir.

Það er ljóst að rekstrarniðurstaða deilda Tindastóls hefur batnað frá fyrra ári og ber það að þakka góðu utan um haldi sjálfboðaliða sem eru í störfum deildanna og traustum styrktaraðilum.

Barna- og unglingastarf á ávallt að vera í forgangi hjá deildum Tindastóls, fjárfestingar eða skuldbindingar eiga aldrei að verða til þess að þær komi niður á því mikilvæga starfi. Það er ánægjulegt að það er búið sé að stofna barna og unglingaráð knattspyrnudeildarinnar en ekki má gleyma því að ef meistaraflokkum gengur vel að þá nýtur barna og unglingastarfið beinan fjárhagslegan ávinning af því.

Íþróttastarf er ein af bestu forvörnunum og því þurfum við sem íþróttafélag að ná til sem flestra og virkja þá til iðkunar. Einnig þurfum við að vera duglegri að halda því á lofti hversu mikið íþróttastarf á sér stað hjá Tindastól.

Aðalstjórn vill þakka stuðninginn sem við höfum fengið í formi styrkja og framlaga frá Sveitarfélaginu Skagafirði og Kaupfélagi Skagfirðinga, sem hafa stutt við bakið á okkur undanfarin ár.

Fyrir hönd aðalstjórnar
Ungmennafélagsins Tindastóls,

Jón Kolbeinn Jónsson formaður



Æfingaraðstaða UMF Tindastóls



myndir: umss.is, Tindastoll.is, Feykir.is, [facebooksiður](https://www.facebook.com/umftindastoll)
Stuðningsmenn knattspyrnudeildar Tindastóls,
Íþróttahúss Sauðárkróks og Tindastóll skíðasvæði.

Árið 2019 var með svipuðu sniði og síðust ár.

Erfiðlega hefur gengið að halda krökkum inni og fá aðra með sérstaklega fullorðna, þrátt fyrir ákveðinn áhuga þeim megin.

Æfingar á Sauðárkróki hafa gengið sinn vana gang og svipaður hópur að mæta.

Í Varmahlíð þá fór ákveðinn hópur krakka að mæta 8-12 ára og hefur það haldist nokkuð þétt.

Fyrir áramótin þá var ekki rukkuð æfingargjöld í Varmahlíð svona aðeins til að sjá hvernig þetta myndi ganga.

Fengum nokkuð af styrkjum á árinu 2019 bæði úr sjóðum, lottó o.fl., var það nýtt til búnaðarkaupa sem hjálpar til að fólk geti byrjað aðeins án þess að fá sér búnað strax, og næst er í röðinni að redda okkur betri skotmörkum fyrir trissuboga.

Vonir með 2020 eru að Hofsós og Fljótin komi sterk inn og þá er bogfimi komin á flest svæðin í Skagafirði nema kannski Hólar.

Þjálfarinn fór á 2 stig ÍSÍ og bíður hann eftir að komast á 2 stig sérmenntunar sem mun nýtast félaginu og öllum í Skagafirði.

Indriði R. Grétarsson

Formaður Bogfimideildar Tindastóls



myndir: Bogfimideild UMF Tindastóll

Ungmennafélagið Tindastóll – Frjálsíþróttadeild

Aðalfundur deildarinnar var haldinn í mars 2019, engin stjórnarskipti voru í þetta skiptið.

Þjálfarahópur deildarinnar hefur verið nokkuð stöðugur. En okkur hefur okkur tekist að halda uppi góðri og markvissri þjálfun sem hefur skilað okkur bæði Íslandsmeistaratitlum og héraðsmetum svo eitthvað sé nefnt. Það er mikilvægt að búa yfir góðum og metnaðarfullum þjálfurum.

Æfingartímar yngsta hópsins breyttust lítið sem ekkert frá fyrra tímabili. Um tuttugu+ krakkar eru í þessum hópi. Þjálfari þeirra vorið 2019 var Daníel Þórarinsson ásamt tveim aðstoðarþjálfurum. Haustið 2019 tók Andrea Maya Chirikadzi við sem þjálfari og með sér til aðstoðar, formann og gjaldkera deildarinnar. Þjálfarar 11-14 ára iðkenda 2019, var Gestur Sigurjónsson um vorið, Ísak Óli Traustason um sumarið og Kristinn Freyr Briem Pálsson um haustið. Breyting var á tímatöflu, en æft er á miðvikudögum og föstudögum í vetur. Hefur stjórn deildarinnar áhyggjur á fækkandi fjölda iðkenda í hópi 11-14 ára og eru við að vinna í því.

Elsti hópurinn 15 ára og eldri eru á æfingum hjá Sigurði Arnari Björnssyni sem er búinn að vera gera góða hluti með þessum hópi miðað við æfingaraðstöðu. En þessir krakkar fá eingöngu æfingu innanhúss í Íþróttahúsinu á Sauðárkróki á miðvikudögum kl. og föstudögum sem þau deila með krökkum 11-14 ára yfir vetrartímann. Þau fá þó inni í íþróttahúsinu í Varmahlíð einu sinni í viku og þurfa iðkendur og þjálfari að koma sér sjálfir þangað. Er það til skammar að nokkrir af okkar bestu frjálsíþróttarmönnum Íslands bjóðist einungis tveir til þrír dagar á viku til æfinga á sínum keppnisgreinum innanhúss á veturnar. En ekki er hægt að æfa allar keppnisgreinar í íþróttahúsinu á Sauðárkróki t.d. er erfitt að æfa sprett og stökkgreinar innanhúss því keppt er á göddum og þarf æfingin því helst að fara fram á göddum til að ná sem lengst í sinni grein. Ekki má heldur kast kúlu á Króknum. Hægt er að æfa

utanhúss yfir vetrartímann, en á illa upplýstum og upphituðum velli. En ef frostið hefur verið mikið bræðir kerfið ekki klakann á tartaninu. Iðkendur deildarinnar býðst að vera í Reiðhöllinn með æfingar á mánudögum, en sú aðstaða er ekki boðleg til æfinga og því hafa krakkarnir notað Sauðárkróksvöll þegar veðrið býður upp á það og svo endað inn í þreksal íþróttahússins.

Af málefnum iðkenda ber helst að nefna að margir þeirra hafa sýnt gríðarlegar framfarir eins og sjá má í skýrslu stjórnar. Það er skemmst frá því að segja að einn af okkar fremstu frjálsíþróttamönnum Ísak Óli Traustason var kosinn íþróttamaður Skagafjarðar 2019 í annað sinn á þrem árum. Hann er vel að þessum titlum kominn og á án efa eftir að vera félaginu til sóma á komandi árum.

Sigurður Arnar var valinn þjálfari ársins í Skagafirði 2019, annað árið í röð. Sigurður Arnar á stóran þátt í hvað keppendur frá frjálsíþróttadeild Tindastóls hafa náð langt og sést það á fjölda titla og landsliðs verkefna sem þau og hann hafa verið að taka þátt í á síðustu árum.

F.h. stjórnar Frjálsíþróttadeildar Tindastóls

Thelma Knútsdóttir
formaður



myndir: Frjálsíþróttadeild UMF Tindastóll

Ungmennafélagið Tindastóll – Júðódeild

Þetta er sjötta árið sem Júðódeild Tindastóls er starfrækt eftir að starfsemi hennar var endurvakin haustið 2014, en fram að því hafði ekki verið boðið upp á júðó á Sauðárkróki í yfir áratug. En Júðódeildin var formlega samþykkt á ný sem deild innan Ungmennafélags Tindastóls á aðalfundi þann 2. mars 2016. Fyrstu tvö árin fóru æfingar fram í íþróttasal gamla barnaskólans milli Freyju- götu og Sæmundargötu en eftir að sveitar- félagið seldi það húsnæði árið 2016 fluttist æfingaaðstaðan í íþróttahúsið á Sauðárkróki. Síðustu fimm ár hefur Júðódeildin einnig verið með vikulegar æfingar á Hofsós í samstarfi við Ungmennafélagið Neista.

Mótin sem tekið var þátt í árið 2019 voru:

- Afmælistótt yngri flokka í Júðó 9. febrúar í Reykjavík, einn fulltrúi frá júðódeild Tindastóls, Steinar Óli Sigfússon og lenti hann í þriðja sæti á sína fyrsta JSÍ móti.
- Vormót Júðósambands Íslands (JSÍ) fyrir yngri flokka haldið 16. mars fyrir aldurinn frá 11 ára til 20 ára á Akureyri. Júðódeild Tindastóls átti fimm fulltrúa á mótinu og komu þeir heim með þrjú silfur og tvö brons.
- Íslandsmót yngri flokka í Júðó var haldið í Laugabóli í Reykjavík 13. apríl. Tindastóll átti þrjá fulltrúa á mótinu af rúmlega hundrað keppendum. Íslandsmót Júðósambands Íslands er venjulega fjölmennasta mót ársins og markar lok keppnistímabilsins á Íslandi. Rúmlega hundrað keppendur mættu til leiks og keppt var í þyngdar- og aldursflokum. Fulltrúar Júðódeildar Tindastóls á mótinu voru að þessu sinni Haukur Rafn Sigurðsson, Veigar Þór Sigurðarson sem Þorgrímur Svavar Runólfsson sem keppti í U18+90.
- Vormót Tindastóls í Júðó var haldið í íþróttahúsinu á Sauðárkróki 18.05. 2019. Fimmtíu keppendur, 21 stelpa og 29 strákar, mættu til leiks frá fimm júðófélögum, KA á Akureyri, Pardus á Blönduósi, Júðódeild Ármanns og Júðófélagi Reykjavíkur í Reykjavík auk Júðódeildar Tindastóls í Skagafirði. Það er orðinn fastur liður í starfi Júðódeildar Tindastóls að halda opið júðómót í lok vorannar en þetta er fimmta árið í röð sem Vormót Tindastóls í Júðó er haldið.

- Vormótið markar lok annarinnar og þar fá júðó iðkendur tækifæri á því að spreyta sig í keppni við iðkendur frá öðrum júðófélögum. Mótið hófst á sameiginlegri æfingu allra keppenda þar sem vel var hitað upp og farið í nokkra leiki. Mótið sjálft hófst svo um klukkutíma síðar. Margar skemmtilegar glímur mátti sjá og var mjög gaman að fylgjast með keppendum og sjá hvernig þeir hafa bætt sig frá fyrri árum, en margir keppendanna hafa aldrei látið sig vanta á þetta mót.
- Iðkendur Júðódeildar Tindastóls kepptu á jólamóti sem fram fór í íþróttahúsinu á Sauðárkróki þann 18. desember. Góð mæting var á jólamótið sem markar lok starfs júðódeildarinnar á árinu. Alls mættu 24 keppendur til leiks, 14 stelpur og 10 strákar. Það eru um það bil 30 krakkar sem æfa júðó í Sveitarfélaginu Skagafirði en æfingar fara fram á Sauðárkrók og Hofsós. Margar glímur voru jafnar og skildi oft lítið á milli sigurs og taps. Allir mega þó vera sáttir við sína frammistöðu enda stóðu iðkendur sig mjög vel og gáfu lítið eftir í sínum glímum þó stundum væri við ofurefli að etja. Allir fengu hengdan verðlaunapening um hálsinn eftir mótið og var keppendum og áhorfendum síðan boðið upp á pizzur sem er tilhlökkunarefni margra og runnu þær ljúft niður.

Helgina 9.- 10. mars voru haldnar æfingabúðir í Júðó á Sauðárkróki þar sem iðkendur frá Júðódeild UMF Selfoss og Júðófélaginu Pardus sóttu Júðódeild Tindastóls heim.

Ný stjórn var kosin á aðalfundi deildarinnar í febrúar, Ingibjörg Ásta Sigurðardóttir formaður, Aðalbjörg Þorgrímsdóttir ritari, Grétar Karlsson gjaldkeri og þau María Dröfn Guðnadóttir, Annika Noack, Einar Örn Hreinsson og Jakob Smári Pálmason meðstjórnendur. Skoðunarmenn reikninga verða þær Ásta Birna Jónsdóttir og Helga Jónína Guðmundsdóttir. Einar Örn Hreinsson, Magnús Hafsteinn Hinriksson og Helena Magnúsdóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Að lokum vill Júðódeildin koma þakk- læti á framfæri til allra þeirra sem hafa starfað fyrir deildina á síðustu árum. Bestu þakkir til allra þjálfaranna sem vinna gott og mikilvægt starf og iðkenda, foreldra og velunnara deildarinnar sem eru boðnir og búnir að aðstoða þegar á reynir. Það væri einfaldlega ekki hægt að starfrækja þessa deild án allra þessara fúsu handa.

Stjórn Júðódeildar Tindastóls



myndir: Ársskýrsla Júðódeildar Tindastóls

Ungmennafélagið Tindastóll – Knattspyrnudeild & Barna og unglingaráð knattspyrnudeildar

Þá er enn einu knattspyrnusumrinu lokið. Meðan stelpurnar voru hársbreidd frá því að fara upp í Pepsi-deildina þá féllu strákarnir niður í þá þriðju. Barna og unglingaráð var formlega stofnað og er það verkefni á réttri leið og stefnt er að ráðið verði fjárhagslega sjálfstætt í byrjun árs 2020.

Eftir erfitt rekstar ár þá voru skuldir deildarinnar niðurgreiddar í vor. Voru margir sem komu að því verkefni og verður þeim seint full þakkað, en í þessu ferli sannaðist máltakið „margt smátt gerir eitt stórt“. Þó að þessum áfanga hafi verið náð þýðir það engan veginn að þeir sem standa að deildinni geti leyft sér að slaka á. Rekstur íþróttafélaga er og verður alltaf erfiður og má reikna með að enn harðni á dalnum í vetur.

Þjálfarar félagsins 2019; meistaraflokkur karla - Jamie McDonough, meistaraflokkur kvenna – Guðni Þór Einarsson, Yfirþjálfari yngri flokk – Jamie McDonough, yngri flokka þjálfarar – Bryndís Rut Haraldsdóttir, Guðni Þór Einarsson, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir, Krista Sól Nielsen, Jóhann Daði Gíslason og Anna Margrét Hörpudóttir. Yfirmaður og þjálfari knattspyrnuakademíu FNV og Tindastóls – Guðni Þór Einarsson.

Stjórn Fótboltadeildar, Þ. Rúnar Björnsson formaður, Indriði Þór Einarsson varaformaður, Helga Dóra Lúðvíksdóttir gjaldkeri, Ásta Pálmadóttir og Guðmundur Loftsson meðstjórnendur. Í barna og unglingaráði sitja Einarína Einarisdóttir, Sigbrúður Jóna Harðardóttir, Guðmundur Helgi Gíslason og Íris Ósk Elefsen.

Barna – og unglingaráð knattspyrnudeildar var formlega hleypt af stokkunum sumarið 2019 þótt það hafði starfað síðan um veturinn 2019. Jamie var ráðinn yfirþjálfari yngri flokka og mun hann stýra allri uppbyggingu og þjálfun.

Meistaraflokkur karla var líkt og áður spáð neðsta sæti og rættist sú spá og féllu strákarnir í 3. deild. Yngvi Borgþórsson

var þjálfari þeirra fyrripart sumars en Jamie McDonough og Arnar Skúli Atlason tóku við af honum eftir að samkomulagi um starfslok áttu sér stað.

Meistaraflokkur kvenna tók þátt í Inkasso deild Íslandsmótsins sumarið 2019. Í árlegri spá fyrirliða og þjálfara var stelpunum spáð 7. sæti en ekki gekk sú spá upp því stelpurnar voru hársbreidd frá því að tryggja sig upp í efstu deild. Má búast við spennandi tímum fram undan og er stefnan sett á Pepsi-deild 2021.

Sumarmót knattspyrnudeildar Tindastóls rúlluðu af gömlum vana síðasta sumar og gengu þau vel sem fyrr. Um 90 lið frá félögum víðsvegar af landinu tóku þátt í Landsbankamóti seinni part júní mánaðar og um 90 lið tóku þátt á Króksmótinu í byrjun ágúst. Stjórn knattspyrnudeildar Tindastóls vill nota tækifærið og koma á framfæri miklum þökkum til allra sem leggja okkur lið á mótunum, sem eru langstærsta og mikilvægasta fjáröflun deildarinnar.



myndir: Knattspyrnudeild UMF Tindastóll og feykir.is (Óli Arnar)

Á lokahófi knattspyrnudeildarinnar voru að venju veittar viðurkenningar fyrir sumarið sem leið. Besti leikmaður mfl. kvenna var valin Murielle Tiernan, og Tanner Sica var valin besti leikmaður mfl. karla. Efnilegasti leikmaður kvenna kom í hlut Laufeyjar Halldórsdóttir og efnilegasti leikmaður karla var Arnar Ólafsson.

F.h. stjórnar knattspyrnudeildar Tindastóls Þórhallur Rúnar Rúnarsson, formaður



Ungmennafélagið Tindastóll – Körfuknattleiksdeild & Unglingaráð körfuknattleiksdeilda

Aðalfundur körfuknattleiksdeilda Tindastóls var haldinn 20. júní 2018 í Árskóla. Þar var Ingólfur Jón Geirsson kosinn formaður, Björn Hansen gjaldkeri, Rakel Rós Ágústsdóttir ritari, Vignir Kjartansson meðstjórnandi, Guðlaugur Skúlason og Sigfús Ólafur Guðmundsson meðstjórnendur. Fundurinn var frekar hefðbundinn og farið yfir allt það helsta. Einnig var ákveðið að setja á laggirnar meistaraflokk kvenna aftur eftir hlé.

Fyrsta tímabilið hjá Meistaraflokki kvenna fór þokkalega vel fram og gekk vel miðað við fyrsta tímabilið í nokkur ár. Liðið endaði í 6. sæti í 1.deild og unnu 6 af 18 leikjum.

Tímabilið hjá meistaraflokk karla byrjaði með látum og um áramót höfðu þeir unnið 10 af 11 leikjum og sátu í 1. sæti deildarinnar og komnir í 8 liða úrslit í Maltbikarnum en dattu svo út á móti Stjörnunni. Eftir áramót fór hins vegar að halla undan fæti. Meiðsli settu strik í reikninginn og endaði liðið í 3. sæti deildarinnar þar sem þeir unnu 6 leiki af 11, var því ljóst að við myndum mæta Þór Þorlákshöfn í 8 liða úrslitum. Töpuðum við þeirri rímu í oddaleik og því tímabilinu lokið, alltof snemma.

Reksturinn var með hefðbundnu sniði og með dyggri aðstoð styrktaraðila hefur tímabilið gengið þokkalega en hver króna telur og með félag eins og Tindastóll sem er sífellt að stækka þarf æ meira fjármagn.

Sérstakar þakkar til stuðningsmanna, styrktaraðila og sjálfboðaliða sem hafa lagt okkur lið í vetur. Án þeirra væri þetta ekki hægt.

Stjórn kkd Tindastóls þakkar fyrir sig.

Ingólfur Jón Geirsson formaður
Körfuknattleiksdeilda Tindastóls



Í unglingaráði sátu þetta tímabil Dagur Þór Baldvinsson formaður, Thelma Knútsdóttir gjaldkeri, Lilja Sigurðardóttir ritari, Hörður Knúttsson, Arnar Már Elíasson, Svavar Atli Birgisson og Sigrún Baldursdóttir meðstjórnendur.

Fjöldi iðkenda var 143 sem er fjölgun um 21 frá tímabilinu 2017/2018. Einnig voru 20-30 iðkendur að æfa undir leiðsögn Tess Williams í Varmahlíð.

Ákveðið hefur verið að reyna að fara á 2 ára fresti erlendis og fór fyrsti hópurinn á Scania Cup í Svíþjóð um páskana 2019 og stóðu krakkarnir sig með miklum sóma. Tvö ungmenni voru valinn í Landsliðshóp KKÍ U16, Örvar Freyr Harðarson og Marín Lind Ágústsdóttir.

Við þjálfun yngri flokkanna störfuðu 9 þjálfarar. Þau eru Israel Martin, Tess Williams, Arnoldas Kuncaitis, Rúnar Áki Emilsson, Alexandra Ósk Guðjónsdóttir, Hera Sigrún Ásbjarnardóttir, Brynjar Þór Björnsson, Danero Thomas og Valdís Ósk Óladóttir.

Uppskeruhátið unglingaráðs var haldin 28. maí sl. með iðkendum og foreldrum í Hús frítímans. Veittar voru viðurkenningar og gætt var á pizzum og frönskum frá Hard Wok Cafe.

Að lokum skal þakka öllum þjálfurum fyrir góða vinnu við þjálfun, utanumhald sinna flokka og samstarf sl. vetur. Einnig iðkendum og foreldrum öllum. Stjórn unglingaráðs þakkar fyrir gott samstarf.

Dagur Þór Baldvinsson formaður

Unglingaráðs kkd. Tindastóls

Ungmennafélagið Tindastóll – Skíðadeild

Starfsárið 2019-2020 var vægast sagt býsna viðburðaríkt og frekar skrautlegt svo vægt sé tekið til orða. Við höldum aðalfund 4. júlí 2019 og varð aðeins breyting á mönnum í stjórn en Anna Jóna og Ólöf hættu eftir margra ára gott starf og þökkum við þeim fyrir þeirra framlag undanfarin ár. Þó það sé alltaf vont að sjá eftir góðu fólki þá er það nú þannig að það kemur alltaf maður í manns stað og fengum við frábærar stúlkur í stjórn til okkar en þær eru Hildur og Sunna. Í varastjórn eru Sigurður Ingi, Soffía og Anna Freyja.

Viggó fór fyrir okkar hönd til að tryggja okkur vinnubúðir sem eru staðsettar við Þeistareyki, og úr varð að Landsvirkjun gerði við okkur heiðurssamkomulag um að við fengjum þessar búðir á sanngjörnu verði. Það fór þó mikill tími í að græja þetta og farnar voru nokkrar ferðir til að taka húsið út. Það var unnið við hefðbundin störf, lagfæra snjógirðingar, huga að lóninu, grjóthreinsa brekkur og svo stóð til að sá í þær en ekki gafst tími í það. En fræin og áburðurinn eru til og eru þau gjöf frá Skagfirskum bændum. Við erum með samning við landgræðsluna um að græða landið og gengur það út á að þeir skaffa fræ og við sjáum um sáningu. Það komu sérfræðingar frá Austurríki til að taka út gírana á lyftunum og það er ljóst að það er komið að smá viðhaldi þar. Troðara mál eru einfaldlega þannig að troðarinn sem við erum með er orðin 23 ára og úr sér gengin, beltin ónýtt og mjög dýrt viðhald framundan. Það er þannig að það er ekki hægt að reka skíðasvæði nema hafa troðara þeir eru hjartað á svæðinu ef ekki er troðið þá kemur fólk ekki. Að þessu sögðu þá hljóta allir að gera sér grein fyrir því að skíðasvæðið verður að fá spiltroðara fyrir næstu vertíð.

Fyrsti opnunardagur þessa skíðavertíð var 29. des og var virkilega gott veður þennan dag. Það komu 3077 gestir í lyftuna og 272 gönguskíðamenn til okkar í vetur. Opnunardagar voru 38 dagar í neðri lyftu og 12 dagar í efri lyftu.

Það voru 22 krakkar sem æfðu hjá okkur í vetur og voru þjálfarar Helga og Snjólaug, þær náðu að vera með 18 æfingar og fara á nokkur bikarmót. Veturinn var eins og áður segir býsna skrautlegur, vont veður framán að svo snjóaði eins og engin væri morgundagurinn og elstu menn munna ekki eftir öðru eins snjómagni í fjallinu.


Ný lyfta sem nær upp á topp á Tindastól var formlega tekin í notkun í febrúar og hægt var að halda gönguskíðanámskeið áður en allt skal í lás vegna Covid-19.

Viggó Jónsson lét af störfum og verður honum seint þakkað öll störfin sem hann hefur unnið fyrir skíðadeildina undanfarin 30 ár.

Skíðadeildin sagði upp samningnum við sveitarfélagið vegna þess að það var ekki hægt að starfa eftir honum, við reyndum að markaðsetja svæðið undir nafni AVIS og fékk það vægast sagt mjög misjafnan hljómgrunn en við erum reynslunni ríkari og stefnum á að reyna eitthvað sambærilegt á næsta tímabili.

Að endingu viljum við þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg undanfarin ár til að gera gott starf betra. Öllum þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem hafa gert okkur kleif að vera komin á þennan stað. Gott og traust samstarf við Sveitarfélagið sem vonandi heldur áfram.

Fyrir hönd Skíðadeildar Tindastóls
Sigurður Bjarni Rafnsson Formaður.



myndir: Skíðadeild UMF Tindastóll

Ungmennafélagið Tindastóll – Sunddeild

Ekki voru margir fundir haldnir á árinu 2019 en þeir voru samt nokkrir bæði formlegir og óformlegir. Notast var mest við facebook því starf deildarinnar lá niðri vegna viðgerða og endurbóta við Sundlaugina 2018-2019.

Stjórn sunddeildar 2019-2020; Þorgerður Eva Þórhallsdóttir formaður, Aðalbjörg Hallmundsdóttir ritari og Eva María Sveinsdóttir, Anna Szafraniec og Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir meðstjórnendur. Rh Endurskoðun sér um bókhaldið fyrir sunddeildina.

Eins og allir vita þá lokaði sundlaug Sauðárkróks vegna endurbóta í lok september 2018. Stjórn sunddeildarinnar ákvað að hvetja krakkana og unglingana til að prufa aðrar íþróttir á meðan.

Aðstaðan í Sundlaug Sauðárkróks mætti vera betri til æfingariðkunar. Það vantar alveg meira uppá aðstöðuna fyrir iðkendur okkar við laugina, þrátt fyrir endurbætur á sundlaug sem hafa orðið. Þá eru stökkpallarnir orðnir barnsins tíma fyrir löngu en þeir eru síðan 1952. Bráð nauðsynlegt er að endurnýja stökkpallana til samræmis við nýja staðla við sundlaugar í dag.

Engar æfingar voru í boði í sundlauginni vorið 2019, en við hittum krakkana í janúar þar sem boðið var upp á fjölskylduferð í sundlaugina í Varmahlíð. Einnig hittumst við í mars í Hús frítímans farið var í hreyfidans og boðið var uppá djús, popp og tónlist og dans.

Fjöldi iðkenda var á tímabilinu 2019/2020 – 35.

Þjálfarar voru ráðnir inn um haustið 2019 við byrjunum með æfingar í október. Þorgerður Eva Þórhallsdóttir – þjálfararéttindi 2015, Sigrún Þóra Karlsdóttir, Soffía Valsdóttir, Anna Szafraniec og Jón Gunnar Helgason.

Æfingar haustið 2019 hjá sunddeildinni voru á tímum sem almenningur var ekki að nýta laugina, hefur það gefið mjög góða raun. Tímarnir voru frá kl. 14:30- 16:15.

1-2 bekkur æfði 1 sinni í viku. Börnin voru sótt í Árvist og fylgt til baka eftir æfingu. 3-4 bekkur æfði 2 sinnum í viku. 5-8 bekkur æfði 2 sinnum í viku. Engin unglingar í 9-10 bekk voru að æfa árið 2019. Boðið var upp á ávexti einu sinni á mánuði og naut mikilla vinsælda eins og endranær.

Talað var við sunddeildina á Blönduósi um að taka efnilega sundkonu fædda 2006, 1 sinni í viku á sundæfingar. En þessi stúlka vill ná langt í framtíðinni og er þar góður og reynslumeiri þjálfari sem getur miðlað miklu til sundkonunnar ungu.

Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum þeim sem komið hafa að rekstri deildarinnar á einn eða annan hátt á þessu starfsári.

Kveðja!
Stjórn Sunddeildar Tindastóls.



Vélahjólaklúbbur Skagafjarðar

Á starfsárinu 2019 hélt félagið áfram að byggja upp og endurbæta brautarsvæðið. Í haust fengum við efni sem er komið á svæðið hjá okkur til að hægt verði að gera barnabrautina hjá okkur enn þá betri, fjölbreyttari og meira krefjandi fyrir yngri iðkendur.

Iðkendur í félaginu árið 2019 voru í kringum 25 manns og þar af um 10 krakkar.

Fjórir iðkendur í klúbbnum fóru á Kirkjubæjarklaustur í maí 2019 og tóku þátt í sex tíma þolaksturskeppni sem haldin er af félagi á svæðinu. Þetta er stórt mót sem haldið hefur verið í fjölda ára. Stefnt er að því að fara aftur og vonandi að fleiri iðkendur taki þátt í ár. Einnig er stefnt að því að senda yngri iðkendur á þetta mót þar sem þar fer einnig fram barna- og unglingakeppni.

Um miðjan ágúst var haldið Íslandsmeistaramót í enduro í samstarfi með skíðadeild Tindastóls á svæði deildarinnar upp í Tindastól, 64 keppendur voru skráðir og voru allir mjög ánægðir með þessa keppni.

Stjórn félagsins sá um æfingarnar sem haldnar voru síðast liðið sumar en iðkendur voru einnig duglegir að mæta sjálfir og hjóla þegar brautin var opin.

F.h. stjórnar

Guðmundur Rúnar Guðmundsson



myndir: Gunnar Smári Reynaldsson, facebookarsíður Síðadeildar Tindastóls og Vélahjólaklúbbar Skagafjarðar



Sundlaugin í Varmahlíð

I. kafli Um Sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Skagafjarðar, skammstafað UMSS. Félagssvæði sambandsins er Skagafjarðarhérað. UMSS skal leitast við að starfa samkvæmt lögum Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) samanber 6. kafla 45.2.

2. grein

Lögheimili og varnarþing UMSS er hið sama og lögheimili formanns hverju sinni.

3. grein

Markmið sambandsins er:

- Að stuðla að auknu samstarfi sambandsfélaganna um íþróttamál í samræmi við gildandi íþróttalög og leikreglur ÍSí.
- Að vinna að öðrum sameiginlegum hagsmunum og áhugamálum félaganna og vera málsvári þeirra út á við.
- Að vinna að hverskonar menningar og framfaramálum og starfa í samræmi við stefnuskrá og lög Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

II. kafli Um Aðildarfélag

4. grein

Rétt til aðildar að UMSS eiga þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæði UMSS, enda séu lög þeirra í samræmi við lög UMSS, UMFÍ og ÍSí.

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu berast stjórn UMSS ásamt skýrslum um stofndag og ár, lögum félagsins, félagaskrá og upplýsingum um stjórn þess. Stjórn UMSS sannreynir að starfsemi

og lög viðkomandi félags samræmist að lögum og stefnum UMFÍ og ÍSí. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta ársþings.

5. grein

Úrsögn aðildarféлага úr UMSS getur aðeins farið fram á ársþingi og er einungis gild ef félagið er skuldlaust við sambandið. Þeim félögum sem eigi hafa tvö ár samfelld gert skil á árgjöldum eða ársskýrslu má víkja úr sambandinu, enn fremur þeim sem að öðru leiti gerast brotleg gagnvart lögum þess. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Brottrekstur félags skal staðfestur á ársþingi.

6. grein

Hvert félag gerir skýrslu eftir hvert starfsár um hag sinn og starfsemi eftir fyrimælum UMFÍ og ÍSí. Félagatal, ársreikningur og stjórnarskipan skal fært inn í félagakerfi ÍSí og UMFÍ, innan þess frests sem ÍSí ákveður. Starfsskýrslum aðildarféлага og nefnda skal skila til skrifstofu UMSS eigi síðar en tveimur vikum fyrir boðað ársþing.

7. grein

Standi félög ekki við ákvæði 6. gr. þessara laga skal stjórn UMSS halda eftir lottótekjum fyrir viðkomandi ár og er heimilt að svipta félagið fulltrúarétti á ársþingi, þar til skil hafa verið gerð. Þá hefur ÍSí eða sérsambönd innan ÍSí heimild til þess að meina viðkomandi félagi þátttöku í mótum og viðburðum innan ÍSí þar til félagið hefur staðið í skilum samkvæmt lögum og reglugerðum ÍSí. Félag sem hafa annað rekstrarár en frá 1. janúar til 31. desember og þurfa þar af leiðandi að skila skýrslu síðar en tilgreindur frestur rennur út, skulu sækja sérstaklega um undanþágu til ÍSí og einnig senda erindi þess efnis til stjórn UMSS.

Reglur um félagaskipti fari eftir móta- og keppnisreglum ÍSí og lögum sérsambandanna. Félagaskipti keppnisfólks tilkynnast tafarlaust til stjórn UMSS.

III. kafli Um Ársþing

8. grein

Ársþing UMSS skal haldið þar á sambandssvæðinu sem síðasta ársþing eða stjórn UMSS ákveður. Ársþing skal halda eigi seinna en í marsmánuði ár hvert, til þess skal boðað skriflega með mánaðar fyrirvara. Ársþing er löglegt sé löglega til þess boðað. Síðara þingfundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið skuli sendar aðildarfélögum, sérráðum og öðrum sem rétt eiga til þingsetu með tveggja vikna fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar frá aðildarfélögum skal senda stjórn UMSS eigi síðar en þrem vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélögum með síðara þingfundaboði.

Stjórn UMSS boðar til aukapings ef þörf krefur eða um það koma áskoranir frá 1/2 aðildarféлага. Enn fremur ef um það koma tilmæli frá stjórnnum landsambandanna, UMFÍ eða ÍSí.

Ákvæði um boðun aukapings og framkvæmd eru hin sömu og reglulegs ársþings.

9. grein

Ársþing er æðsta stofnun UMSS. Þar skal stjórn UMSS leggja fram skriflega skýrslu um liðið starfsár svo og endurskoðaðan ársreikning fyrir sama ár. Þingið kys stjórn, skoðunarmenn reikninga samkvæmt 10. og 11. grein þessara laga svo og kjörnefnd og aðrar starfsnefndir sem við á hverju sinni.

10.grein

Dagskrá ársþings skal vera þessi:

1. Þingið sett.
2. Kosning starfsmanna þingsins
 - a. Þingforseti og varaforseti
 - b. Þingritari og vararitari
3. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Reikningar sambandsins og sjóða.
6. Kjörbréfanefnd skilar álit.
7. Atkvæðagreiðsla um skýrslu og reikninga.
8. Ávörp gesta.
9. Mál lögð fyrir þingið sem kynnt hafa verið í fundarboði.
10. Tillögur lagðar fram af þingfulltrúum.
11. Skipan í starfsnefndir og nefndarstörf
 - a. Allsherjarnefnd.
 - b. Fjárhagsnefnd.
 - c. Íþróttanefnd.
 - d. Aðrar nefndir.
12. Nefndarstörf
13. Þingnefndir skili álit og tillögur þeirra, sem falla undir síðari dagskrárliði teknar til umræðu og afgreiðslu.
14. Fjárhagsáætlun samþykkt.
15. Kosningar (kosningar skulu vera skriflegar, nema því aðeins að stungið sé upp á jafn mörgum og kjósa skal)
 - a. Kosning formanns
 - b. Kosning stjórnar og varastjórnar.
 - c. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.
 - d. Kosið í nefndir og ráð sambandsins eftir því sem þing ákveður hverju sinni.
16. Önnur mál.
17. Þingslit.

11.grein

Ársþing skal ákveða árgjöld aðildarfélaganna til UMSS fyrir næsta starfsár. Hvert félag greiðir félagsgjöld til sambandsins fyrir hvern reglulegan féлага sem orðinn er 18 ára. Upphæð félagsgjalda yfirstandandi árs skal greiðast fyrir 31. desember sama ár. Reikningsár UMSS er almanaksárið.

12.grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingum sambandsins. Til breytinga á lögum þarf þó 2/3 atkvæða. Atkvæðagreiðsla fari fram skriflega sé þess óskað.

13.grein

Formenn aðildarféлага eru sjálfkjörnir sem fulltrúar á ársþing og varamenn í forföllum þeirra.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags ákvarðast að öðru leiti af fjölda félagsmanna. Tala félagsmanna skal miðuð við tölu gjaldskyldra félaga (18 ára og eldri) við síðustu áramót.

- 2 fulltrúar auk formanns fyrir 0-100 félagsmenn.

- 3 fulltrúar auk formanns fyrir 101-150 félagsmenn.

- 4 fulltrúar auk formanns fyrir 151-200 félagsmenn.

Síðan bætist við einn fulltrúi fyrir hverja byrjaða 100 félagsmenn að 1000 félögum, en einn fulltrúa á hverja byrjaða 200 félaga þar fyrir ofan.

Atkvæðisrétt á þingum sambandsins hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna og stjórn UMSS. Sérhver ungmennafélagi hefur málfrelsi og tillögurétt hvar sem er á fundum ungmennafélaganna. Auk þess eiga seturétt á þinginu með málfrelsi og tillögurétt, fulltrúar í sérráðum UMSS, aðrir sem kjörnir eru í trúnaðarstöður hjá sambandinu og þeir aðrir sem stjórn UMSS býður til þings.

IV. kafli Um Stjórn

14.grein

Stjórn UMSS skipa fimm menn: Formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn til eins árs. Stjórnarmenn aðrir en formaður skulu kosnir til tveggja ára og skipta með sér verkum í stjórn. Þá skulu kosnir þrír menn í varastjórn til eins árs í senn. Gefi stjórnarmaður sem sitja skal áfram kost á sér til formannskjörs er heimilt að kjósa hann og þá annan í hans embætti það sem eftir er kjörtímabilsins. Enn fremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ.

15.grein

Stjórn UMSS fer með málefni sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarka sem lög og samþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt fjárhagsáætlun samþykktri á ársþingi.

16.grein

Stjórn UMSS skal halda fundi svo oft sem þurfa þykir. Þannig skal boða alla stjórn og varastjórn. Varastjórn hefur aðeins málfrelsi og tillögurétt á þessum fundum nema um forföll sé að ræða í aðalstjórn.

17. grein

Stjórn UMSS er skipuð fimm fulltrúum sem skiptast á milli aðildarféлага UMSS á eftirfarandi hátt:

Ungmennafélagið Tindastóll	1 fulltrúi
Hestamannafélagið Skagfirðingur	1 fulltrúi
Ungmennafélagið Neisti og Hjalti	1 fulltrúi
Ungmenna- og Íþróttafélagið Smári	1 fulltrúi
Bilaklúbbur Skagafjarðar, Vélhjóla klúbbur Skagafjarðar, Golfklúbbur Sauðárkróks, Íþróttafélagið Gróska og Siglingarklúbburinn Drangey	1 fulltrúi

V. kafli Sérráð

18. grein

Innan UMSS skulu starfa sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð, ákveður hvaða ráð skulu starfa milli þinga, segir fyrir um skipan þeirra og setur þeim almennar reglur. Þó skal stjórn einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar UMSS fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar UMSS. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 8. kafla Sérráða 50. - 52. greinar laga ÍSÍ.

19. grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarfélaga eða deilda innan aðildarfélaga sem sinna viðkomandi grein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn UMSS staðfestir skipan formanna sérráða.

20. grein

Sérráð skulu annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn UMSS þær. Að fengnum upplýsingum frá sérráðum skal stjórn UMSS semja sameiginlega mótaskrá sem nær til allrar starfsemi á vegum UMSS og annast birtingu hennar á almennum vettvangi. Sérráð skulu sjá til þess að mótshaldarar á vegum þeirra komi upplýsingum um mót og úrslit til stjórnar UMSS svo fljótt sem verða má.

VI. kafli Önnur Ákvæði

21. grein

Komi fram tillaga á löglega boðuðu ársþingi UMSS um sambandsslit skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Því aðeins 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa á þingi

samþykki tillöguna skoðast hún samþykkt, þá skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukapings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu, skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan aftur á móti felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

22. grein

Komi til sambandsslita samkvæmt 21. grein eða ef starfsemi UMSS fellur niður skulu sjóðir þess og aðrar eignir vera í vörslu UMFÍ þar til stofnað hefur verið annað samband aðildarfélaga UMFÍ í Skagafjarðarhéraði.

23. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og með þeim úr gildi fallin öll eldri lög Ungmennasambands Skagafjarðar.

Lög þessi samþykkt á ársþingi 1989. Breytt 1990, 1991, 1994, 1995, 1999, 2000, 2002, 2011 og 2018.

Minnisvarði um Stephan G. Stephansson - Arnarstapi

Í júlí 1945 kom upp sú hugmynd að reisa minnismerki fyrir Stephan G. Stephansson.

Ungmennasamband Skagafjarðar lét reisa minnisvarðann og var hann vígður á 100 ára afmæli skáldsins árið 1953 að viðstöddu miklu fjölmenni.

Stefán Guðmundur Guðmundsson fæddist árið 1853 á Kirkjuhóli ofan við Víðimýri í Skagafirði og ólst þar upp fram um 1860, þegar fjölskyldan fluttist að Syðri-Mælifellsá. Þaðan fluttist hún að Víðimýrarseli árið 1862 og átti heima þar til vors 1870. Þá fluttu foreldrar hans búferlum austur í Mjóadal. Stefán fluttist með foreldrum sínum til Vesturheims og bjó þar á nokkrum stöðum en síðast nam hann land í Alberta-fylki austan Klettafjalla og bjó þar til dauðadags, árið 1927. (*Minnisvarðar í Skagafirði, Varmahlíðarskóli 2005*)



